

Heit og ljúffeng



PIZZA

HAFNARSTRÆTI 7 · 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsútsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is





Nýtt
símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 7. desember 2005 · 49. tbl. · 22. árg.

Vel sótt hátíð í tilefni af 100 ára afmæli iðnmenntunar á Ísafirði

Hundrað ára afmæli iðnmenntunar á Ísafirði var fagnað í Menntaskólanum á Ísafirði á föstudag. Til hátíðarinnar mættu meðal annarra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, iðnaðarmenn og starfsfólk skólans. Hátíðardagskráin var tvískipt. Fyrri hluti hennar fór fram á sal skólans þar sem gestir hlýddu á erindi þeirra Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara MÍ, Ólafs Ragnars Grímssonar forseta og Snorra Hermannssonar, fyrrverandi skólastjóra Iðnskóla Ísafjarðar. Þá hlustuðumenn á tónlist Lúðrasveitar Ísafjarðar og Beötu Joó og barna hennar. Óskar Eggertsson, rafvirkjameistari og fyrrverandi formaður Iðnaðarmannafélags Ísafjarðar, afhjúpaði minningarskjöld um

félagið áður en gestir héldu til verkmenntahúss skólans þar sem seinni hluti hátíðarinnar var haldinn.

Í verkmenntahúsi sá Birna Lárusdóttir, formaður skólaneftdar, um veislustjórn. Boðið var upp á léttar veitingar og tónlist þeirra Smára Alfreðssonar og Halldórs Smárásonar. Í húsinu fór fram sýning á munum og myndum úr sögu Iðnskólans. Þá hélt Guðmundur Einarsson, sviðstjóri verkmennta við Menntaskólann á Ísafirði, ræðu um iðn- og verkmenntun við skólann. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði, og Stefán Stefánsson, fulltrúi menntamálaráðherra, héldu ávörp.

Nánari umfjöllun um hátíðina og myndir frá hátíðinni eru á bls. 4.

– halfdan@bb.is



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson skoðar hér muni á sýningunni ásamt þeim Sigurði Jónssyni prentara, Helga S. Ólafssyni, varaformanni Verkalýðsfélags Vestfirðinga og Sturla Böðvarssyni, samgönguráðherra.

Hætt kominn í sundkennslu

Ellefu ára drengur var hætt kominn í sundkennslu í sundlauginni í Bolungarvík á fimmtudagsmorgun þegar hann var að leik. Drengurinn lét sig fljóta með andlitið í kafi en þegar hann hafði verið þannig nokkuð lengi fór félagi hans að gruna að ekki væri allt með felldu.

Hann reyndist meðvitundarlaus og þurfti sundkennarinn að beita blástursaðferðinni til koma honum til meðvitundar og tókst það vel. Drengurinn var engu að síður fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði til rannsóknar. Hann mun ná sér að fullu.

– bb@bb.is



Ljósín á jólatré Ísfirðinga á Silfurtorgi, sem er gjöf frá Hróarskeldu, vinabæ Ísafjarðar í Danmörku, voru tendruð kl. 16 á laugardag að viðstöddu fjölmenni. Fremur kalt var í veðri og nokkur vindur og létu Ísfirðingar það ekki hafa áhrif á mætinguna. Samtímis var haldin hin árlega jólatorgsala Styrktarsjóðs Tónlistarskóla Ísafjarðar sem þótti takast hið besta líkt og fyrr. Jólasveinar mættu á svæðið, yngri kynslóðinni til mikillar ánægju auk þess sem boðið var upp á tónlist og kórsöng. Á laugardag var einnig kveikt á jólatré Bolvíkinga og á sunnudag söfnuðust Súgfirðingar saman til að tendra ljósín á sínu jólatré. Meðfylgjandi mynd tók ljósmyndari blaðsins á Silfurtorgi.

– bb@bb.is

úrval

Samkaup

OPIÐ:

virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

Íslenskt þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörudröflingu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er samgöngulegur matnaður bæði starfsmanna og félagsins að gegna löyðsluþyrri til framfarir.



Kompaníur 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7070 www.eimskip.is

Styrkja skíðafélagið

Skíðafélag Ísfirðinga og Bensínorkan, sem brátt opnar bensínstöð á Skeiði í Skutulsfirði, hafa gert með sér samkomulag þess efnis að Skíðafélagið fái þúsund krónur í hvert sinn sem Ísfirðingar og nær-sveitamenn skrá sig fyrir svokölluðu bensínfrelsis-korti. Skilyrði er þó að verslað sé fyrir a.m.k. 1.000 krónur innan mánaðar frá afhendingu kortisins.

„Bensínfrelsi er kort sem notað er til greiðslu á bensínstöðvum Orkunnar. Kortið er líkt og símafrelsið, fyrirframgreitt og hagræði notenda þess er bæði einfaldleiki í notkun og einnig þriggja krónu afsláttur á hvern lítra eldsneytis“, segir í tilkynningu frá Skíðafélaginu.

Semur jóla-lag Hildar Völu Einars

Önfirðingurinn Trausti Bjarnason hefur samið jólaglag sem Idol-Stjarnan Hildur Vala Einarsdóttir hefur gefið út. Lagið ber heitið „Gleðileg jól“. Textann orti systir hans, Ragnheiður Bjarnadóttir. Systkinin sömdu einnig sigurlag Dægurlagakeppni Sauðárkróks í vor sem Aðalheiður Ólafsdóttir söng.

Trausti er eigandi verk-takafyrirtækisins Afrek ehf. sem meðal annars hefur unnið að gerð Tungudalsvirkjunar. Aðspurður hvernig það færi saman að vera vélavertaki og lagasmíður sagði hann að það færi ekki endilega illa saman, hann hefði til dæmis samið þetta lag að miklu leyti í huganum við störf í sumar.

Safna fyrir tækjum

Áhugahópur um kaup á líkamsræktartækjum í íþróttahúsið á Suðureyri hefur óskað eftir því að fá leyfi fyrir uppsetningu tækja og styrk til að fjármagna kaupin að hluta.

Íþrótt- og tómsundane-fnd Ísafjarðarbæjar tók málið fyrir á fundi sínum á dögnum og heimilaði uppsetningu tækjanna en óskaði eftir nánari útfærslu á rekstri og heildarfjármögnun tækjakaupanna. Eins og kunnugt er var íþróttahúsið nýlega tekið í notkun en Súgufirðingar hafa beðið eftir almennilegri íþróttastöðu í fjölda ára.

– thelma@bb.is



Frá undirritun samkomulagsins. Frá vinstri: Böövar Þórisson, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs Sjóvá, Jón Þorgeir Einarsson, framkvæmdastjóri Kvótaumsýslunnar ehf., Hrönn Sigurðardóttir, starfsmaður Kvótaumsýslunnar og Torfi Einarsson, umboðsmaður Sjóvá á Ísafirði.

Samið um afgreiðslu fyrir Sjóvá í Bolungarvík

Á mánudag var skrifað undir samning milli Sjóvá – Almennra og Kvótaumsýslunnar í Bolungarvík þess efnis að þeir síðarnefndu sjái um alla

almenna afgreiðslu fyrir tryggingarfélagið í Bolungarvík. Að sögn Torfa Einarssonar, útíbússtjóra Sjóvá á Ísafirði, mun mannhald ekkert

breytast við þetta að öðru leyti en því að starfsmaður félagsins vinnur nú fyrir Kvótaumsýsluna.

„Við höfum gert samskonar

samninga við Sparisjóð Vestfirðinga um afgreiðslu á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal“, segir Torfi Einarsson.

– halfdan@bb.is

Súðavíkurdeild Rauða krossins

Gefur stofnbúnað í félagsmiðstöð aldraðra

Stjórn Súðavíkurdeildar Rauða kross Íslands afhenti eldri borgarum að gjöf hljómflutningstæki í félagsmiðstöð þeirra í Súðavík á mánudag. Tækið er ætlað sem stofnbúnaður í félagsmiðstöð aldraðra.

„Tóku þau vel á móti okkur

Rauðakross-fólki með dýrindis kaffihlaðborði og þökkkuðu kærlega fyrir góða gjöf“, segir Sigríður Hrönn Elíasdóttir formaður deildarinnar. Þegar stjórnina bar að garði voru eldri borgarar önnum kafnir við jólafröndur. – thelma@bb.is



Frá afhendingu hljóm-tækisins. Mynd: Sigríður Hrönn Elíasdóttir.

Grunnskólanemendur í vettvangsferð

Nemendur í 2. bekk í Grunnskóla Bolungarvíkur fóru í vettvangsferð á mánudag til að skoða stofnanir og fyrirtæki bæjarins. „Leiðangurinn heppnaðist vel og krökkunum fannst þetta mjög skemmtilegt“, segir Kristín

Ósk Jónasdóttir skólustjóri GB. Gengið var um bæinn, nokkrir staðir heimsóttir en staldrað fyrir utan aðra á meðan kennari fræddi börnin um hvaða hlutverki viðkomandi fyrirtæki eða stofnun sinnir. – thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

ÞYTUR TIL SÖLU

Hafnir Ísafjarðarbæjar auglýsa hér með hafnsögubátinn Þyt, sk.nr. 1191 til sölu. Báturinn selst í því ástandi sem hann er í.

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri á skrifstofu hafnarinnar á Ísafirði.



Grunnskólabörn Bolungarvík héldu í fræðsluleiðangur á mánudag.



KFÍ mætir Haukum

Meistaraflokkur Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar mætir Haukum frá Hafnarfirði í 32-liða úrslitum bikarkeppni Körfuknattleikssambands Íslands og Lýsingar.

Leikurinn fer fram í íþróttahúsinu á Torfnesi kl. 14 á sunnudag. KFÍ komst í 16 liða úrslit í fyrra en tapaði fyrir Grindvíkingum í hörkuspennandi leik á Torfnesi.

Skautasvell á Skeiði?

Hugsanlegt er að skautasvelli verði komið upp á Ísafirði en íþrótt- og tómsundafulltrúa Ísafjarðarbæjar hefur verið falið að kanna möguleika á gerð þess. Var þetta ákveðið á fundi íþrótt- og tómsundane-fndar Ísafjarðarbæjar á dögnum er lögð var fram fyrirspurn frá bæjarbúa um möguleika á slíku.

Ísafjarðarbær hefur þó nokkrum sinnum staðið fyrir gerð skautasvells á Ísafirði en réttar veðuraðstöður þurfa að vera til staðar. Hefur Skeiði þótt ákjósanlegur staður í gegnum tíðina en nú hafa ýmsar breytingar verið gerðar þar.

Jólatrjáasala hefst um helgina

Jólatrjáasala Björgunarfélags Ísafjarðar hefst um næstu helgi í húsnæði félagsins að Sindragötu 6 eða Guðmundar-búð eins og húsnæðið kallast. Að vanda verður mikið úrval fallelgra trjáa til sölu.

„Íslensku trén koma úr Skorradal en að auki bjóðum við upp á Normannspyn, innfluttan frá Danmörku. Verðið hjá okkur hefur ekki hækkað undanfarin ár og sýnist mér á öllu að það haldist einnig í ár.

Þá eru minnstu trén á 3.300 kr. og þau stærstu á 6.800 kr.“, segir Elvar G. Ingason hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar.

Opið er í jólatrjáasölu í Guðmundarbúð alla daga frá kl. 15-20. – thelma@bb.is

Drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarkaupstaðar og stofnana hans fyrir árið 2006

Reksturinn skilar 123 milljónum króna

Gert er ráð fyrir því að rekstur Ísafjarðarbæjar muni skila 123 milljónum til bæjarsjóðs að frádregnum reiknuðum liðum á næsta ári. Þetta kemur fram í drögum að fjárhagsáætlun sem rædd voru í bæjarstjórn í síðustu viku. Þrátt fyrir þetta munu nýjar lántökur bæjarins og ágangur hans á eigið fé verða 271 milljón króna, en afborganir eldri lána nema 155 milljónum. Fjárfestingar verða miklar og munar þar mest um nýbyggingu við Grunnskólann

á Ísafirði sem mun kosta bæinn 145 milljónir króna.

Hlutur bæjarins í hafnarframkvæmdum er áætlaður 24 milljónir, gert er ráð fyrir 45 milljónum króna í gatnagerð, 10 milljónum í safnahús í Neðstakaupstað og 45 milljónum í ýmsar aðrar fjárfestingar. Launagiöld hækka mikið og verða 1.148 milljónir á næsta ári standist áætlun. Afskriftir og vextir verða 210 milljónir og annar rekstrarkostnaður 1.123 milljónir króna. Tekjur

verða 1.412 milljónir. Þar af nemur útsvar 932 milljónum, framlag jöfnunarsjóðs nemur 322 milljónum og fasteignaskattur og aðrir skattar nema 158. Rétt er að geta þess að hér er aðeins um drög að ræða og má gera ráð fyrir því að áætlunin breytist að líkindum að einhverju leyti við seinni umræðu sem fram fer 15. desember.

Blaðamannafundur var haldinn í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði á föstudag og drögin

kynt. Þar kom fram í máli Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra að vel sé haldið á málum í rekstri sveitarfélagsins, en þó sé við ákveðinn fortíðarvanda að glíma. Guðni Jóhannesson forseti bæjarstjórnar sagði samkeppni milli bæjarfélaga um íbúa gera það að verkum að nauðsynlegt sé fyrir Ísafjarðarbæ að halda ákveðnu þjónustustigi á sama tíma og gætt sé aðhalds í rekstri. „Það hefur tekist vel og við höfum haldið í íbúa. Ég skynja það

að hjartsýni er meiri og ungt fólk vill koma og flytja í bæinn“, sagði Guðni. Sagðist hann búast við viðsnúningi á fólksflotta á næstunni.

Aðspurður um stefnu Súðavíkinga í atvinnumálum og samkeppni sveitarfélaganna, sagði Halldór Halldórsson að stefna Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum snérist um það að fá ný fyrirtæki inn á svæðið. „Þetta er eitt atvinnu-, þjónustu- og menningarsvæði og ég vildi óska þess að atvinnu-

þróunarstefna Súðavíkur snérist um að fá ný fyrirtæki inn á svæðið. Við höfum enga löngun til þess að ná í fyrirtæki sem eru í Súðavík eða Bolungarvík“, sagði Halldór Halldórsson.

Guðni Geir Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar bætti því við að það væri bara tímaspursmál hvernær þessi tvö sveitarfélög sameinuðust. Þar þyrftu þó fyrst að koma til samgöngubætur.

– halfdan@bb.is

Karlmaður lést í eldsvoða á Ísafirði

Rúmlega fimmtugur karlmaður lést í eldsvoða á Ísafirði á mánudag. Lögreglan á Ísafirði fékk tilkynningu um eld í íbúð að Aðalstræti 25 á Ísafirði kl. 15:49 á mánudag og var slökkvilið þegar kallað út. Er slökkvilið og lögregla komu á vettvang var nokkur eldur í íbúðinni. Reykkafarar fóru inn í íbúðina og fundu þar einn íbúa þess látinn.

Umrædd íbúð er hluti af húsalengju sem byggt er að meginhluta úr timbri en er forskallað að hluta. Reykskemmdir eru í tveimur íbúðum, hárgreiðslustofu og verslun sem eru áfastar íbúðinni sem kviknaði í. Aðspurður segir Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri

Ísafjarðarbæjar, að húsið hafi verið erfitt viðureignar.

„Þetta er forskalað timbrihús og oft sem maður missir eld á milli þilja. Við þurftum að rjúfa klæðningu á nokkrum stöðum“, segir Þorbjörn. Segir hann að nokkuð sé um reykskemmdir á efri hæð hússins.

Lögregla stóð vakt um húsið aðfaranótt þriðjudags til að vernda rannsóknarhagsmunum. Tveir menn frá tæknideild lögreglunnar í Reykjavík komu til Ísafjarðar í gær til að aðstoða lögregluna á Ísafirði við rannsókn á eldsupptökum.

Maðurinn sem lést hét Magni Viðar Torfason. Hann létur eftir sig sambyliskonu og tvö börn, 11 og 13 ára.



Mikinn reyk lagði frá húsinu.

Endurspeglun á skapandi afli Vestfirðinga

Myndlistakonurnar Anna Hallin og Ósk Vilhjálmsdóttir opnuðu svokallaða tjáningarskráningastofu í Slunkaríki á Ísafirði á laugardag. Markmiðið með stofnunni er að rannsaka vestfirskt hugarflug og leitast við að skrásetja tíðarandann. Sýnishorn úr verkinu verða sýnileg á heimasíðu stofunnar von bráðar.

„Fólk leggur inn tillögur að einhverju sem það vill gera og við sjáum um upptökur og eftirvinnslu. Við erum ekkert endilega að leita að snillingum heldur öllum sem eru fúsir til að taka þátt. Þannig getum við komið upp safni sem endurspeglar það skapandi afl sem býr í hverjum og einum“, segir Ósk. Áætlað er að verkefnið taki um eitt og hálf ár. Tjáningarskráningastofan verður til húsa í Slunkaríki næstu tvær vikurnar en verður svo flutt yfir á kaffihúsið Langa Manga.

Að verkefninu standa Art-Nurses og Digifilm í Slunkaríki á Ísafirði. Samstarfsaðilar eru Netheimar, Langi Mangi og Flóamarkaður JCI-Vestfjarða. „Fólk hefur verið mjög gestrisið og það er mikil samhljálpi og samvinna við þetta



Sýnt frá því efni sem nú þegar hefur verið tekið upp á sýningunni í Slunkaríki á laugardag.

verkefni.“

„Fólk hefur tekið vel í verkefnið og það stefnir í að við munum fá mikið af skemmtilegu efni. Við ætlum að byrja með hugmyndabankann og

gefa fólki nægan tíma til að hugsa málið. Síðan stefnir Jói (Jóhannes Jónsson. Innskot: bb.is.) að því að koma upp Green screen rými fyrir upptökurnar svo hægt sé að breyta

bakgrunninum á myndböndunum í hvað sem fólk kys“, segir Ósk.

Á laugardag komu þó nokkrir á sýninguna og skráðu sig til þátttöku í Tjáningarskrá-

ingastofunni. Þá var sýnt brot af því efni sem nú þegar hefur verið tekið upp. Stefnir er að því að sýningin verði tilbúin og sýnd á Ísafirði og Reykjavík árið 2007. – thelma@bb.is

UMFB leikur í 2. deild á næsta ári

Ungmennafélag Bolungarvíkur vann alla leiki í sínum riðli í Íslandsmóttinu í knattspyrnu innanhúss sem fór fram um síðustu helgi og mun því félagið leika í 2. deild á næsta ári. Bolvíkingar léku í Ariðli 3. deildar ásamt Reyni frá Sandgerði, Hvöt frá Blönduósi og liði Hattar frá Egilstöðum.

Frá því er greint á vefnum vikari.is að fyrsti leikur Bolvíkinga var við Reyni Sandgerði sem þeir unnu með 4 mörkum gegn 3. Næsti andstæðingur Bolvíkinga var lið Hvatar frá Blönduósi. Bolvíkingar byrjuðu þann leik mjög vel og voru komnir í 3-0 forystu eftir aðeins 5 mínútna leik. Leiknum lauk með öruggum sigri UMFB sem skoraði 5 mörk gegn 3 mörkum Hvatar. Síðasta leiknum lauk með stórsigri Bolvíkinga sem skoruðu 9 mörk gegn aðeins 1 marki Hattar. – thelma@bb.is

Iðnnám á Ísafirði í eina öld

Á föstudag var hundrað ára afmæli iðn- og verkennslu á Ísafirði fagnað. Eins og rakið var lauslega í síðasta tölublaði Bæjarins besta markaði stofnun Kvöldskóla iðnaðarmanna upphaf þessarar kennslu í bænum, en skólinn var stofnaður síðla árs 1905.

Skipuð var nefnd sem undirbjó hátíðina. Í nefndinni voru þeir Sigurður Pétursson sagnfræðingur sem veitti nefndinni formennsku, Guðmundur Einarsson, sviðsstjóri verkmennta við MÍ, og Snorri Hermannsson, fyrrverandi skólastjóri Iðnskólans á Ísafirði.

Á hátíðina, sem haldin var á sal og í verkmenntahúsi Menntaskólans á Ísafirði, mætti fjöldi fólks, ráðherra, forseti Íslands, iðnaðarmenn, starfsfólk skólans, bæjarfulltrúar og fleiri.

Tónlist og ræðuhöld einkenndu dagskrána framan af. Á sal léku Lúðrasveit Ísafjarðar, sem í gegnum tíðina hefur að stórum hluta verið skipuð iðnaðarmönnum, og píanó-kennarinn Beata Joó og börn hennar. Óskar Eggertsson, rafvirkjameistari og fyrrverandi formaður Iðnaðarmannafélags

Ísfirðinga, afhjúpaði minningarskjöld um félagið. Sagði Óskar af þessu tilefni að hann vonaði að efling iðn- og verkmenntunar yrði mikil í framtíðinni.

Kyndilberi í menntamálum landsfjórðungsins

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, fór með ávarp á hátíðinni.

„Ungt fólk í dag hefur í sjálfu sér engar forsendur til að skilja þá byltingu sem orðið hefur á lifnaðarháttum þjóðarinnar undanfarin 100 ár. Hvernig á farsíma- og tölvukynslóðin að átta sig á því hvílk tímamót það voru þegar vélbátaútgerðin hófst árið 1902, að þar með var stigið eitt stærsta framfaraskref í atvinnusögu þjóðarinnar? Og það skref var stigið hér vestur á Ísafirði.

Prem árum síðar var kominn skóli hér fyrir iðnaðarmenn. Fyrst með kvöldskólakennslu í teikningu en strax haustið eftir með kvöldskóla iðnaðar-



Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Ólafur Ragnar Grímsson forseti voru meðal gesta. Hér eru þeir ásamt Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara.

manna. Saga iðnmenntunar á Ísafirði hefur verið samfelld síðan“, sagði Ólína meðal annars í ávarpi sínu.

„Þegar við nú höldum upp á 100 ára afmæli iðnskóla á Ísafirði heiðrum við ekki aðeins áfanga í sögu skólans. Við heiðrum um leið merkan áfanga í sjálfri atvinnusögunni, í sögu mannlífs og menningar við Djúp. Á slíkum tímamótum er vert að horfa fram á við.

Menntaskólinn á Ísafirði er og hefur verið kyndilberi í menntamálum þessa landsfjórðungs. Arfleifð skólans hefur fært honum þann kyndil í hendur, það er kyndill framfara og fullveldis, því á öflugum framhaldsskóla veltur velferð okkar vestfirska samfélags. Það er skylda okkar sem unnum Vestfjórðum og berum hag okkar heimabyggðar fyrir brjósti að halda þeim kyndli hátt á loft, og láta logann aldrei kulna“, sagði Ólína.

Iðnmenntun á stóran hlut í uppganginum á síðustu öld

Næstur í pontu var Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Ræddi Ólafur um ástand mála á Ísafirði og Íslandi öllu fyrir hundrað árum. Sagði hann að á þeim tíma hefði Ísafjörður, og Reykjavík einnig ef út í það væri farið, verið þorp. Íslendingum hefði sama og ekkert fjölgað aldirnar á undan.

Ólafur sagði uppganginn á Íslandi á síðustu öld hafa verið ótrúlegan, og að hluti iðnmenntunar í þessari uppbyggingu hefði verið mikill. Fólk í landinu öllu hefði tekið höndum saman og skapað það samfélagið sem er á Íslandi í dag, samfélag sem er öfundarefni

þeirra sem landið heimsækja.

Ólafur sagði augljóst að saga iðnmenntunar á Ísafirði væri samofin þeim uppgangi sem var í bænum á síðustu öld. Sagðist hann að lokum fanga því að ákveðið hefði verið að minnst þess að hundrað ár væru liðin frá upphafi iðn- og verkmenntunar á Ísafirði.

Hafi sömu möguleika til menntunar og aðrir landsmenn

Snorri Hermannsson, síðasti skólastjóri Iðnskólans á Ísafirði, flutti erindi um sögu iðnnáms í bænum. Ræddi hann um aðdragandann að stofnun Kvöldskóla iðnaðarmanna. Þótti mönnum á þessum tíma sem húsbýggingar á Ísafirði væru heldur lélegar og var því haldið fram að Ísfirðingar væru talsvert á eftir öðrum hvað þetta varðaði.

Við það var ekki unað og var Kvöldskóli iðnaðarmanna stofnaður. Inngönguskilyrði á þessum tíma voru þau að nemandur yrðu að vera fullra 12 ára og kunna það sem krafist var til fermingar í skrift og reikningi.

Snorri talaði einnig um framtíð iðn- og verkmenntunar á Ísafirði og sagðist í framtíðinni vilja sjá ungt fólk á svæðinu hafa sömu möguleika til þessarar menntunar og aðrir landsmenn. Annars væri vá fyrir dyrum.

Málmiðnaðarnám til sveinsprófs á næsta leiti?

Í öðrum hluta hátíðarhaldanna skoðuðu gestir sýningu á munum og myndum úr sögu Iðnskólans og þáðu léttar veit-



Gestir voru fjölmargir.

ingar í verkmenntahúsi Menntaskólans á Ísafirði. Meðal þeirra sem tóku til máls var Guðmundur Einarsson, sviðsstjóri við skólann.

„Á hverju hausti eru áhyggjur af fjölda umsókna í verknamíð og því miður eru þessar áhyggjur réttmætar. Það er alvarlegt þegar foreldrar koma ítrekað í veg fyrir að nemandi skrái sig í verknam, finnst gæfulegra að hann fari í bóknam. Verknám er blanda af bóknaði og verklegri færni, hugur og hönd fara þar saman. Ef unglingur, sem ekki er sérlega bókhneigður ákveður að velja verknam, getur hann seinna farið í framhaldsnám ef hugarfarið breytist. Skólakerfið reynir að loka engum leiðum ef alvöru áhugi er á frekara námi“, sagði Guðmundur meðal annars í ræðu sinni.

„Það er mikið lán fyrir skólann hvað fyrirtæki og félög tengd atvinnustarfssemi hafa stutt vel við bakið á skólanum. Í kennslustofunni hér uppi

hanga gjafabréf sem bera vitni um það. Trésmíðadeildin væri til dæmis varla komin á koppinn ef Iðnaðarmannfélagið hefði ekki komið til sögunnar. Eignir Vélstjórafélags Ísafjarðar fóru í sjóð til þess að styrkja vélstjórnamenntun og er það ómetanlegt, alltaf er þörf á dýrum kennslutækjum sem varla væru til annars.

Nú þurfum við hér við Menntaskólann að undarbúa nám fyrir stálsmiði, en hér í bæ er mikil þörf á starfsmönnum með menntun á því sviði. Það er markmið okkar að þeir sem eru nú í grunnnámi geti tekið lokapróf hér sem sveinar í stálsmiði, en sækja þarf um leyfi til þess til ráðuneytis.

Félag járnmiðnaðarmanna hér í bæ ætlar að setja allt að 2 milljónir króna í tækjakaup svo að þetta markmið geti orðið að veruleika. Þetta gera þeir meðal annars í tilefni 60 ára afmælis félagsins. Ég segi takk, þessi fyrirheit gerir þessi markmið að veruleika“, sagði Guðmundur. – halfdan@bb.is

Deildarstjóri Ísafirði



Staða deildarstjóra hjá umferðarþjónustu Vegagerðinnar á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra.

Starfssvið:

- Skipulagning og framkvæmd upplýsingagjafar um færð og ástand vega
- Umsjón með símsvörum
- Umsjón með auglýsingum og tilkynningum til fjölmiðla
- Utgáfa bæklinga og leiðbeininga
- Skráning og úrvinnsla gagna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf (90 einingar)
- Æskileg reynsla á fjölmiðla- eða ferðamálasviði
- Góð tungumálakunnátta
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur@img.is) hjá Mannafli - Líðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 19. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.

IMG
MANNAFLI
LÍÐSAUKI

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
500 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafi.is



ALVÖRU BÓNUS -3 KR.

Skíðafélag Ísafjarðar og Bensínorkan ganga til samstarfs

Félagi af börnu Orkunnar af Ísafjarðar hafi átt og verði til samstarfs og mun skilgreina gætt af öllum nýjum Bensínfélagsorkunum, sem standa við SÍ þegar þeir sýna um kvætt hjá Orkunu.

Bensínfélagi er fyrirkomulagið aðgerðafélagi sem þú tekur um í heimabanku Orkunnar www.orkan.is og færir því þitt heim um stafrænt. Þegar greitt er með bensíninu, tekur verði um 3 krónur í hæð. Einkilíkur er að millifera í reikning Orkunnar í heimabanku.

Tengile í heimabanku Orkunnar er að finna á www.orkan.is og á www.sib.is. Þessu tengdu stjóra þér áttu í umskráningu í heimabanku og þú þarft ekki að fara þá leið. Í þessu umskráningu er mögulegt að tekið við útbjóttu bíla og er SÍ að stjórna þú á meðal veltinu. Þú getur komist, sem verður fyrir 1000 kr. áttu mánaðar frá þú hafi sátt um komu, sáttu 1000 kr. í kassa hjá skilgjörum. Þú getur þá eftir máttu að stjórna.

Laugjörðu áttu máttu að stjórna umskráningu og verður um þú með þessu og stjórna í Bensínfélagi.



ÞÚ GETUR BÓNAÐ VIÐ BÓNAÐ

Ritstjórnargrein

Leiðarljós

„Gildi hennar (iðnmenntunar) er að mínu mati meira nú en oftast áður og þar kemur tvennt til. Sú mikla samfélagsáhersla sem hefur verið lögð á bóknámið undanfarna áratugi hefur yfirsýst og að sumu leyti grafið undan verklegu námi, með þeirri afleiðingu að iðnmenntuðu fólki fer fækkaði í ákveðnum greinum. Um leið skapast sú hættu að ákveðin verkþekking hreinlega hverfi. Á sama tíma hefur verið sívaxandi þörf fyrir tæknimenntun ýmisskonar vegna þess að samfélagið er jú stöðugt að verða tæknivæddara. Þetta þýðir að enn er mikil þörf fyrir iðnmenntað fólk á Íslandi og sú þörf mun ekki minnka“, sagði Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, í viðtali við BB í tilefni þess að á föstudaginn var þess minnst með veglegum hætti að 100 ár voru liðin frá því iðnmenntun hófst á Ísafirði.

Forganga Iðnaðarmannafélags Ísafirðinga fyrir stofnun Kvöldskóla iðnaðarmanna haustið 1905; skóla sem síðar varð Iðnskóli Ísafjarðar og sem nú hefur verið sameinaður Menntaskólanum á Ísafirði, verður seint metin. Með stofnun skólans var stigið mikið heillaspor fyrir bæjarfélagið og vart leikur vafi á hlutdeild skólans í því góða orðsperi sem löngum hefur farið af ísfriskum iðnaðarmönnum.

Þótt Vestfirðingar horfi nú stíft til áframhaldandi uppbyggingar Háskólaseturs Vestfjarða, sem mikilvægrar undirstöðu byggðakjarna á Vestfjörðum, verður ekki horft fram hjá þörfinni fyrir að efla verkmenntun. Þróstur Jóhannesson, einn umsjónarmanna verkgreina innan MÍ, segir nú vera „stefnt að því að geta útskrifað sveina í húsasmíði innan nokkurra ára.“ Þótt hægt miði er ástæða til að fagna hverju og einu skrefi í rétta átt.

Kvöldskóli iðnaðarmanna á Ísafirði markaði tímamót. Lykillinn að stofnun hans var samstaða ísfriskra iðnaðarmanna, sem skynjuðu þörfina fyrir aukna, almenna menntun. Í dag þurfa Vestfirðingar á slíkum sporgöngumönnum að halda; til að renna stöðum undir öflugra iðnnám og til að ná lokamarkinu með Háskólasetri Vestfjarða: Fagháskóla. Með samstöðu líkt og iðnaðarmennirnir sýndu forðum og Vestfirðingar í Menntakólamálinu á sínum tíma munum við ná settu marki.

Því er ekki að leyna að margt hefur reynst Vestfirðingum andsnúið um árabíl. Þar ber hæst umbylting í atvinnuháttum og fólksfækkun, sem að stórum hluta er afleiðing þess fyrr nefnda. Vestfirðingar hafa áður tekist á við vanda og staðið uppréttir eftir. Látum áræði iðnaðarmannanna, sem ruddu brautina með stofnun Kvöldskólans, vera okkar leiðarljós. Hlustum ekki á andlaust tuð um fámenni okkar hér vestra. Með auknum atvinnutækifærum mun fólki fjölga á Vestfjörðum.

s.h.

Orðrétt af netinu

Þykir fínt að vera frjálslyndur

Enginn vafi er á því að það þykir fínt að vera frjálslyndur á Íslandi. Enda þótt aðeins einn stjórnmálaflokkur kenni sig beinlínis við frjálslyndið þá keppast hinir við að auglýsa að þeir séu líka afar frjálslyndir og keppast einnig við það að draga fram í dagsljósið vísbendingar um frjálslyndisskort keppinautanna. Það er sko aldeilis ekki í tísku á Íslandi að styðja „boð og bönn“, en öðru máli gegnir auðvitað um „almennar leikreglur“ (sem er rósamál yfir nokkurn veginn hið sama).

Að hluta til er þessi metingur frekar heilbrigður. Hann hefur m.a. leitt til þess að núna liggur frumvarp fyrir alþingi, sem virðist njóta almenns stuðnings, um að breyta 1. grein hjúskaparlaga þar sem kemur fram að þau gildi „um hjúskap karls og konu“. Framvegis geta tveir karlar gengið í hjúskap, eða tvær konur. Þessi tiltekna gerð af mismunum fólks verður þar með afnumin. Sú breyting er að mínu mati til mikilla bóta, enda er hér einfaldlega verið að laga lögin að veruleikanum. Fjölskylduformið er fyrir löngu orðið fjölbreyttara en lög gerðu ráð fyrir.

murinn.is – Sverrir Jakobsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Eiríkur Örn Norðdahl, sími 845 2685, eirikur@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson – Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

Segir markmiðið einungis að fjölga fyrirtækjum í Súðavík

„Við ræðum við alla sem leita upplýsinga hjá okkur og sýna áhuga á að stunda rekstur sinn í Súðavík“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps en á blaðamannafundi sem haldinn var um drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar á föstudag sagði Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, aðspurður um stefnu Súðavíkinga í atvinnumálum og samkeppni sveitarfélaganna, að hann vildi óska þess að atvinnuþróunarstefna Súðavíkur snerist um að fá ný fyrirtæki inn á svæðið.

Eins og fram hefur komið ákvað Súðavíkurhreppur fyrir skemmstu að festa kaup á hlutfé í beituverksmiðjunni Aðlöðun fyrir 20 milljónir króna, en fyrirtækið hefur upp á síðkastið leitað að nýju fjármagni inn í fyrirtækið. „Okkar markmið er að fjölga fyrirtækjum í Súðavík en ekki að sækja þau af ákveðnum stöðum og verður markaðurinn að ráða því hvaðan þau koma. Almennt séð svörum við öllum

fyrirsprungnum og ræðum við alla sem vilja skoða það að vera með rekstur í Súðavík, enda væri óábyrgt af okkar hálfu að neita viðræðum við forsvarsmenn fyrirtækis út frá því hvar það er staðsett.“

„Ég tel að það sé mjög jákvætt fyrir norðanverða Vestfirði að Súðavík teljist áhuga-verður valkostur fyrir forsvarsaðila fyrirtækja sem má að miklu leyti rekja til þeirrar stefnu sem hefur verið mörkuð í þessum málum.“

Þá segir Ómar Már að hvað viðkemur Aðlöðun þá sé í raun ekki verið að sækja fyrirtæki til Ísafjarðar. „Þarna er um fyrirtæki að ræða sem var í rekstrarstöðvun og lá fyrir að það myndi fara af svæðinu, annað hvort suður eða úr landi. Samþykki eigendur Aðlöðunar tilboð okkar um hlutfjárkaup og með flutningi fyrirtækisins til Súðavíkur tel ég að við séum að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum í heild sinni, því það hefði verið mikill missir af þeirri þekkingu og



Ómar Már Jónsson.

reynslu sem hefur áunnist í fyrirtækinu og þeirri tækni sem það býr yfir. Atvinnu-málastefna Súðavíkurhrepps snýst þannig ekki um að sækja fyrirtæki til Ísafjarðar, heldur að sækja fyrirtæki inn á svæðið“, segir Ómar.

Fyrir skemmstu gerði Aðlöðun samninga við danska aðila um sölu á beituverksmiðju og var ljóst að fyrirtækið stæði frammi fyrir þeim valkosti að smíða nýja verksmiðju eða selja þá sem er á Ísafirði úr landi. Rekstur Aðlöðunar hef-

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar fagnar atvinnuuppbyggingu í Súðavík

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir það rétt sem Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, sagði í frétt á bb.is í morgun, að atvinnuþróunarstefna Súðavíkur gangi einfaldlega út á að fjölga fyrirtækjum í bænum, óháð því hvaðan þau koma. „Ég vildi þó óska þess að áherslan væri lögð á að ná nýjum fyrirtækjum inn á svæðið“, segir Halldór.

Þetta hafði Halldór áður sagt á blaðamannafundi sem haldinn var til að kynna drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar. Þar sagði hann einnig að hann fagnaði atvinnuuppbyggingu í Súðavík, enda væri um eitt atvinnu-svæði að ræða, en þessi orð Halldórs komu þó ekki fram í frétt bb.is á föstudag. „Þá fagna ég því einnig að til standi að fjárfesta í beituverksmiðjunni Aðlöðun og ég vona að það verði til þess að fyrirtækið verði áfram á svæðinu“, segir Halldór. – halfdan@bb.is



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær

Akstur almenningsvagna boðinn út

Ísafjarðarbær hefur óskað eftir tilboðum í akstur almenningsvagna í Ísafjarðarbæ ásamt skólaakstri í Skutulsfirði, en fyrir skemmstu var samningur við Ferðapjónustu Margrétar og Guðna ehf., sem gildi áður til 31. desember, framlengdur út skólaárið eða

til 31. maí 2006. Nýr samningur tekur gildi frá og með 1. júní 2006, og verður hann gerður til fimm og hálfis árs með heimild um árs framlengingu.

Um er að ræða akstur á fjór-um leiðum, í fyrsta lagi eru það tvær leiðir í Skutulsfirði,



Holtahverfi-miðbær og Hnífsdalur-miðbær. Þá eru það þrjár leiðir á milli Ísafjarðar og nærliggjandi byggðakjarna, eða Suðureyri, Flateyri og Þing-

eyri. Tilboðum skal skila til Ísafjarðarbæjar fyrir 30. desember þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra sem þess óska. – eirikur@bb.is

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ



Prentari-skanni-þjóniðin.

HP PSC 1510 - 151000

- Prentarhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannstærð: 216 x 354 mm (A4)
- Skannþykki: 0,08 mm
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi

Mýskvél

HP Professional M220 - 118000

- Skannhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannstærð: 216 x 354 mm (A4)
- Skannþykki: 0,08 mm
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi

Aðeins 19.900,-

ITTEN!



Hraðvirkastí ðýsmýndaprentari í heimi

HP Photosmart 8300 - 830000

- Prentarhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannstærð: 216 x 354 mm (A4)
- Skannþykki: 0,08 mm
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi

Aðeins 19.490,-



Staðfræm myndavél

HP Photosmart 8300 - 830000

- Prentarhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannstærð: 216 x 354 mm (A4)
- Skannþykki: 0,08 mm
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi

Aðeins 29.450,-



Skjávarpill fyrir heimabíð

HP Photosmart 8300 - 830000

- Prentarhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannstærð: 216 x 354 mm (A4)
- Skannþykki: 0,08 mm
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi

Aðeins 89.900,-



Hliðstýring

HP Photosmart 8300 - 830000

- Prentarhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannhraði: 1.200 bl. á mín. (A4)
- Skannstærð: 216 x 354 mm (A4)
- Skannþykki: 0,08 mm
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi
- Skannhlutfæði: 600 x 600 dpi

Aðeins 5.990,-

Alltaf óþýrastart!



Office 1 Superstore

Fréttir/Þættir 550 4100 eða á portlandoffice1.is

Nettími: 10.00 - 18.00

Elías Oddsson, nefndarmaður í fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar

Leggur fram róttækar breytingatillögur í menntamálum

Elías Oddsson, nefndarmaður í fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar, lagði fyrir fund fræðslunefndar fyrir stuttu tillögu um sameiningu og breytingu á skólastigum þannig að skóli barna frá þriggja ára aldri falli saman við grunnskóla og 10. bekkur grunnskóla færist upp í menntaskóla. Aukinheldur er lagt til að sveitarfélögin reki „vöggustofur“ frá 0 til 2 ára aldurs, en þá tæki við fyrri hluti grunnskóla þar sem börn

myndu nema þar til þau koma upp í það sem nú heitir 5. bekkur. Þá taki við „unglingaskóli“ frá 6.-9. bekk sem ljúki með samræmdu prófi. Loks komi menntaskólanám til fjögurra ára sem útskrifar nemandur ári fyrir en nú er, eða 19 ára gamla. Elías leggur einnig til að kenna í greinum eins og stærðfræði og tungumálum færast eins neðarlega og hægt er og verði samfelldari en nú er.

Í tillögu Elíasar segir svo meðal annars að hann vilji með tillögum sínum skapa umræður um hugsanlegar breytingar á skólahaldi í sveitarfélaginu, í ljósi þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á námi til stúdentsprófs. „Óskað verði eftir samstarfi við menntamálaráðuneytið, samtök sveitarfélaga, félög kennara og skólastjórnenda, foreldrafélög og aðra þá sem að þessum málum koma, um þessar hugmyndir og útfærslu á þeim og jafnvel prófun á þeim hér. Skipaður verði vinnuhópur sem leggi fram tillögur byggðar á þessum hugmyndum sem fyrst.“

Þá stingur Elías jafnframt upp á því að gerðar verði breytingar á skipulagi og yfirstjórn grunnskóla sveitarfélagsins, þannig að einn skólastjóri verði ábyrgur fyrir faglegu starfi í öllum grunnskólum innan sveitarfélagsins, það er öllu námi frá þriggja ára aldri til samræmdu grunnskóla-prófs. Sérstakur rekstrarstjóri verði ráðinn til að sjá um annan



Grunnskólinn á Ísafirði.

daglegan rekstur og grunnskólafulltrúi starfi áfram eins og nú er. Sérstakt sérfræðiteymi taki þá til starfa með skólunum og sjái um hluti eins og námsráðgjöf, þroskajálfun og fleira. Deildarstjóri verði við hvern skóla sem starfi í nánu samstarfi við skólastjóra. Þá verði einungis fyrra stig grunnskóla á hverjum stað fyrir sig, en aðeins einn skóli fyrir unglingsstigið, það er frá 6. til 9. bekkis.

Í bréfi Elíasar til nefndarinnar segir svo: „Ég hef ekki fullmótað hvernig mönnun svona skólahalds þarf að vera eða hvort skil yrðu á því sem leikskólakennarar og grunnskólakennarar gera nú. Ég sé fyrir mér samblöndun á því sem er í dag. Gera má ráð fyrir að leikskólakennarar yrðu að einhverju leyti tengdir börnum í fleiri árgöngum en nú er og að grunnskólakennarar kæmu að þeim árgöngum sem nú til-

heyr leikskólum. Gera verður ráð fyrir að ef af svona breytingum verður þurfi að breyta fyrirkomulagi kennaranáms bæði á leikskólastigi og grunnskólastigi.“

Í bókun nefndarinnar kemur fram að efnisatriði tillögunnar hafi verið rædd, sem og nauðsyn þess að Ísafjarðarbær stuðli að nýbreytni í skólastarfi. Þá var leikskóla- og grunnskólafulltrúa fallið að vinna að framhaldi málsins.



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar hér með eftir tilboðum í akstur almenningsvagna í Ísafjarðarbæ ásamt skólaakstri í Skutulsfirði. Um er að ræða akstur á eftirtöldum akstursleiðum:

1. Skutulsfjörður

Holtahverfi - miðbær / Hnífsdalur - miðbær (sumar- og vetraráætlun).

2. Suðureyri – Ísafjörður.

3. Flateyri – Ísafjörður.

4. Þingeyri – Ísafjörður.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, frá og með föstudeginum 2. desember 2005. Útboðsgögn verða seld fyrir kr. 5.000.-

Tilboðum skal skila á skrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, eigi síðar en föstudaginn 30. desember 2005, kl. 14:00 þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra sem þess óska.

Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ.

Vilja segja upp samningi um sjúkraflutninga

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra um að samningum um sjúkraflutninga verði sagt upp. Í minnisblaði bæjarstjóra sem lagt var fyrir bæjarráð kemur fram að þess hafi verið óskað af hálfu Ísafjarðarbæjar í nokkuð langan tíma að Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar og/eða heilbrigðisráðuneytið komi að endurskoðun samninga um sjúkraflutninga en ekkert hafi gerst í þeim málum þrátt fyrir ítrekanir. Því er það lagt fram að Ísafjarðarbær verði laus undan samningsskyldum sín-

um innan þess gagnkvæma uppsagnarfrests sem getið er um í samningum.

Í skýringum á uppsögn segir: „Um alllangt skeið hafa starfsmenn slökkviliðsins bent á að sjúkraflutningamenn hafi tekið að sér viðbótarþjónustu sem ekki var gert ráð fyrir í verklýsingum og samningum frá árinu 1996. Þann 26. ágúst 2004 var haldinn fundur með aðilum þar sem sátu m.a. bæjarstjóri, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar og fulltrúi ráðuneytis heilbrigðis- og tryggingamála. Á þessum fundi voru lögð fram drög að

nýjum samningi um sjúkraflutninga þar sem tekið var á öllum þeim atriðum sem ágreiningur hafði verið uppi um. Jafnframt lýstu fulltrúar Ísafjarðarbæjar sig reiðubúna að annast alla sjúkraflutninga á norðanverðum Vestfjörðum. Með bréfi 7. september sl. var minnt á að enn hafi hvorki Heilbrigðisstofnun né ráðuneytið svarað erindi Ísafjarðarbæjar um endurskoðun samninga um sjúkraflutninga“, segir í minnisblaðinu.

Þá segir einnig að Ísafjarðarbær treysti sér ekki til að veita þjónustu, svo sem sjúkra-

flutninga á milli Þingeyrar og Ísafjarðar, akstur til og frá flugvelli eða aðra þá þjónustu sem er utan gildandi samninga. „Nú er svo komið að Ísafjarðarbær greiðir með sjúkraflutningum. Í drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 stefnir í að meðgjöf Ísafjarðarbæjar með sjúkraflutningum verði u.þ.b. 2 m.kr. Við þær aðstæður er ekki annað að gera en að segja upp þessum verkþætti fyrst ekki virðist vera vilji til þess að koma til móts við beiðni Ísafjarðarbæjar um endurskoðun á samningnum“.

– eirikur@bb.is

● Sælkerar vikunnar • Tinna Óðinsdóttir og Skafti Elíasson á Ísafirði

Gúllas ala Skafti

Sælkerar vikunnar bjóða að þessu sinni upp á gúllasrétt að hætti Skafta. Þau segja að best sé að mauksjóða kjötið svo það molni í munninum, það sé þó smekksatriði hvers og eins. Uppskriftin eru miðuð við þrjá. Einnig bjóða þau upp á góða uppskrift að hrísgrjónum. Þar segja þau að það fari eftir smekk og svengd þeirra sem snæða réttinn hversu stór kannu eða bolli sé notaður.

Gúllas

Um 600 g nautagúllas skor
íð í smáa teninga
1 paprika
1 rif hvítlauks
1 laukur
3 tómatar
Worcestersósa
1 teningur nautakraftur
1 tsk Dijon sinneo

Setjið olíu í pott og hitið vel. Hendið kjötinu í pottinn og brúnið. Saxið grænmeti og setjið út í pottinn. Bætið við kjótkraftinum, sinnepinu og smá „dassi“ af Worcester-

sósu. Látið malla á lágum hita í 1-1 ½ tíma þangað til kjötið er orðið mjúkt. Gúllasið verður betra ef það er eldað í svona langan tíma en það er ekki nauðsynlegt.

Hrísgrjón

Hitið pönnuna vel og látið um 1 tsk olíu eða hvítlauksolíu út á. Setjið eina könnu af hrísgrjónum á pönnuna og veltið upp úr olúnni þangað til þau brúnast aðeins. Gott er að krydda með laukdufti og salti.



Hellið 1 ½ könnu af vatni á pönnuna og lækkið hitann eftir

2 mínútur.

Við skorum á Írisi Jónsdóttur

ur á Ísafirði til að draga fram góða uppskrift í næstu viku.

1.790
~~2.750~~



BOMANN

Vöflujárn
 Bomann Elektro, rýðtanema
 1000W

Gefðu þér og þínum jólagjöf



Uppvottavél
 Electrolux, ECF 6211X
 rýðfir 6kg
 1000W

64.900



Purrari
 Electrolux EDE-4 98M rýðfirka
 rýðfir 6kg
 1000W

29.990



Miðsluborvél, B&D
 14,4 V, 2-veggur fjóls,
 1000W

8.995



Blöndunartæki
 Zanussi, 1/2" handfang, 600
 1000W

14.900



Grill
 Krups Universal
 1000W

6.990



Hjólsg, B&D
 110V-ve
 1000W

7.995

Jólin eru að koma



HÚSASMÍÐJAN
 ...eitt mál

Smáauglýsingar

Óska eftir að kaupa vel með farið trommuset. Upplýsingar í síma 456 5251.

Mig bráðvantar notaða, nýlega fartölvu, helst Dell. Upplýsingar gefur Örn í síma 456 3460.

Basar líknarfélaganna á Flateyri verður haldinn í Grunnskólanum á Flateyri kl. 15. á laugardag. Kveikt verður á jólatrénu kl. 16.

Óska eftir notaðri stafrænni myndavél. Verður að vera fyrirferðalítil og með góðan skjá. Upplýsingar gefur Luther í síma 862 1144.

Dagatölin frá Þroskahjálpi verða til sölu í Bókhöðunni á Ísafirði og á markaðsdegi Hvestu, föstudaginn 9. des. frá kl. 16-18.

Til sölu eru Burton Mission Greed snjóbrettabindingar í stærð S á kr. 10.000.-, Burton Supreme snjóbrettaskór nr. 38 á kr. 12.000.- og Rossignol snjóbrettabindingar á kr. 3.000.-. Uppl. gefur Sigga Láka í síma 456 4058 og 696 8877.

Óska eftir gömlu gráu Nintendo tölvunni, ódýrri eða gefins. Uppl. í síma 893 5191.

Til sölu er Carena barnakerra og matarstóll. Upplýsingar í síma 867 0429.

Handunnin kerti! Kertamarkaður og opið hús í Hæfingar-miðstöðinni Hvestu, Aðalstræti 18 (gamla pósthúsinu) föstudaginn 9. des. frá kl. 16-18. Allir velkomnir!

Til sölu er eins árs gamall Bass-et hundur. Þarf að komast á gott heimili hjá fólki sem hefur reynt af hundum. Upplýsingar í síma 892 2970.

Óska eftir að taka 2-3ja herb. íbúð á leigu á eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 894 4612 og 852 0680.

Óska eftir nettu sófasetti eða hornsófa, þokkalega útlítandi. Uppl. í síma 891 6381.

Til sölu er MMC Lancer GLXi, árg. 1993. Nýskoðaður, sumar- og vetrardekk. Upplýsingar í síma 456 4809.

Til leigu er 2ja herb. íbúð á eyrinni. Uppl. í síma 893 6274.

Nýleg ryksuga fæst gefins. Uppl. í síma 456 7270.

Til sölu er nýtt 2ja+3ja sæta sófasett með dökkbrúnu leðri. Verð kr. 95 þús. Upplýsingar í síma 863 8224.

Tvær stúdíó íbúðir og tvær 2ja herb. íbúðir með húsgögnum og öðrum þægindum til leigu á rólegum stað í göngufæri frá miðbæ Reykjavíkur. Frábær staðsetning. Nánari upplýsingar fást í síma 898 4444 eða á netfangi: thorssetur@simnet.is

Stefnir á Suðureyri 100 ára á næsta ári

Íþróttafélagið Stefnir á Suðureyri fagnar 100 ára afmæli sínu á næsta ári og eru Stefnismenn því farnir að huga að afmælishátíð. „Á næsta ári er m.a. fyrirhugað að taka saman sögu Stefnis og gefa út með einhverjum hætti. Að sjálfsögðu verður einnig haldið upp á afmæli félagsins með einhverjum hætti á næsta ári, en það á eftir að útfæra í hvaða formi það verður“, segir Svava Rán Valgeirsdóttir formaður Stefnis.

Stefnir er eitt af elstu íþróttafélögum í landinu. Fram kemur í Súgfirðingabók að áhugasamir unglingar ákváðu í Súgandafirði á sumardögum 1906

að stofna íþróttafélag. Um haustið sama ár var fyrsti fundur félagsins þann 9. september og fyrsti formaður félagsins var Guðmundur Kristjánsson. Fyrstu ár félagsins var áhersla lögð á knattspyrnu, frjálsar íþróttir og glímu. „Það er vilji þeirra sem eru í stjórn Stefnis að bjóða upp á öflugt og gott íþróttastarf á afmælisári félagsins, meðal annars verður boðið upp á fótbolta, körfubolta, íþróttaskóla og vonandi verður einnig hægt að bjóða upp á frjálsar íþróttir og glímu, en það er nú vel við hæfi á 100 ára afmælinu“, segir Svava Rán.

Í tilefni af vígslu íþrótt-



Íþróttahúsið á Suðureyri.

hússins á Suðureyri og 100 ára afmælis Stefnis á næsta ári færði félagið öllum súgfirskum börnum í leik- og grunnskóla íþróttatöskur að gjöf með von um að það mætti verða þeim hvatning til að stunda íþróttir og nýta sér nýja íþróttahúsið. „Með tilkomu nýja íþróttahússins gjörbreytist allt íþróttastarf hjá Stefni og nú verður hægt að þjálfa íþróttageinar markvisst allt árið og það er von okkar að góð aðsókn verði á þau námskeið sem við bjóðum upp á.

Því skorum við á foreldra að hvetja börn sín til þess að stunda íþróttir. Tilkoma íþróttahússins er því mikið fagnaðarefni fyrir okkur og þá sérstaklega fyrir súgfirsk börn, þetta er mikill áfangi fyrir okkur og baráttumál félagsins til fjölda ára er nú loksins orðið að veruleika“, segir Svava Rán.

Einnig barst félaginu fjöldi gjafa við þessi tímamót, bæði frá fyrirtækjum og félagasamtökum. Meðal annars var um að ræða peningagjafir sem æt-

aðar eru til kaupa á líkamsræktartækjum sem vonandi mun nýtast sem flestum Súgfirðingum. Fyrirhugað er að tækin verði staðsett í nýja íþróttahúsinu. Einnig bárust peningagjafir sem ætlaðar eru til þess að endurnýja keppnisbúninga félagsins. „Félagið er mjög þakklátt fyrir þær gjafir sem því voru færðar og gjafir sem þessar gera félaginu kleyft að bjóða upp á öflugt íþróttastarf í litlu byggðarlagi“, sagði Svava Rán.

– thelma@bb.is



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Brennur og flugeldar

Þeir sem hyggjast hlaða bálkesti til þess að kveikja í þeim á gamlárskvöld eða á þrettándanum skulu sækja um leyfi til þess fyrir 14. desember nk.

Fyrir hverri brennu skal tilgreina fulltíða ábyrgðarmann. Með umsókn skal fylgja skriflegt samþykki landeiganda, ásamt vottorði frá váttryggingafélagi um ábyrgðartryggingu vegna brennunnar.

Jafnframt þarf umsókn um leyfi til sölu flugelda og til flugeldasýninga, að berast fyrir 14. desember nk.

Umsóknareyðublöð og reglur umbálkesti og brennur, flugeldasýningar og sölu á flugeldum liggja frammi hjá sýslumanninum á Ísafirði.

Nánari upplýsingar veitir Arndís Baldursdóttir í síma 450 3711.

Ísafirði, 5. desember 2005,
Sýslumaðurinn á Ísafirði,
Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Rauði krossinn í Súðavík

Gefur unglingum heimabíó

Súðavíkurdeild Rauða kross Íslands afhenti Félagsmiðstöð unglunga í Súðavík-urskóla veglega gjöf fyrir stuttu sem saman stendur af 32 sjónvarpi með flatskjá og heimabíói. Er gjöfin ætluð sem stofnbúnaður í félagsmiðstöðinni. Það var Elísabet Margrét Jónsdóttir,

forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar, sem tók við gjöf-inni úr hendi Sigríðar Hrannar Elíasdóttur, formanns Súðavíkurdeildar Rauða kross Íslands.

Að sögn Sigríðar Hrannar komu fram ýmsar hugmyndir hjá krökkunum í félagsmiðstöðinni um það hvernig nota

mætti þennan nýja búnað, og var meðal annars rætt um mögulega Singstærkeppni. Í gjafabréfi Rauða krossins segir að lokum: „Það er von okkar að gjöf þessi komi að góðum notum og að félagsstarfið haldi áfram að blómstra um ókomna framtíð.“

STAKKUR SKRIFAR

Hinn nýi kvóti

Umræður eiga sér stað í samfélaginu um þessar mundir um framhaldsmenntun og hvernig íbúar Íslands skiptast á milli landsbyggðar annars vegar og höfuðborgarsvæðis hins vegar eftir menntunartígi. Niðurstaðan er sú að fleiri háskólamenntaðir búa á svæði í og umhverfis Reykjavík en á landsbyggðinni. Skilgreining hugtaksins landsbyggð tekur breytingum eins og annað. Sá grunur læðist lymnskulega að mörgum að landsbyggðin sé í huga Akureyringa, Akureyri og nágrenni. Aðrir utanborgarmenn telja hana vera hjá sér. Auðvitað eru Vestfirðir hluti hennar óháð því hvað öðrum kann að finnast.

Nauðsynlegt er að kanna samsetningu lýðsins á Íslandi til þess að kortleggja með hverjum hætti þjóðin þróast. Í raun hljóma upphrópanir þingmanna um að fleira fólk með háskólamenntun búi í Reykjavík og nágrenni eða RON, en höfuðborgarsvæðið má nefna því nafni til þæginda, ósannfærandi í besta falli. Löngu er vitað að háskólamenntaðir sækja í störf á sínu sviði og vilja að auki starfa í samfélagi slíkra, enda sækjast sér um líkir.

Vissulega er gott að efla háskólamenntun og koma sem flestum til manns í þeim efnum. Hinu má ekki gleyma að akademískt nám hentar fólki misjafnlega og finna þarf þeim sem ljúka því störf við hæfi. Ella má búast við því að vaxandi hluti þeirra er ljúka prófi úr háskóla hverfi úr landi til starfa í útlöndum.

Áberandi hefur verið að hart er sótt að menntamálaráðherra og hann sakaður um að mismuna háskólum og fái Háskólinn á Akureyri verstu útreiðina. Ber þessi umræða nokkurn keim af því þegar við landsbyggðarmenn agnnumst út í kvóta í sjávarútvegi og viljum meira. Byggðakvóti var tekinn upp að ósk þingmanna utan RON. Erum við ánægð með árangurinn? Svo virðist ekki vera. Deilur spretta stöðugt upp og allir eru óánægðir nema þeir sem fá. Ef halda á einhvers konar byggðakvóta mætti velja því fyrir sér hvort ekki mætti bjóða hann upp. Ef hagnaður yrði, rynni hann til þess að reka framhaldsskóla í viðkomandi héraði.

Sjálfsagt ræður velvilji þingmanna þegar þeir setja á ræður og skamma einstaka ráðherra fyrir það að ekki búi sama hlutfall háskólamenntaðra úti á landi og í RON. En málstaðnum er vart gerður greiði með því. Áhugi okkar utanborgarmanna á menntun er hið besta mál og forseti bæjarstjórnar í Borgarbyggð vill fá þangað menntaskóla. Það er gott að áhugi á framhaldsmenntun skuli aukast. Það er ljótt að orða þá hugsun að margir líti á framhaldsskóla og háskóla sem tækifæri til að skapa atvinnu og skila útsvari og auknum tekjum í sveitarsjóð. En það gerist sem betur fer samhliða. Þessi umræða verður að komast á vitrænt stig og hætta að hljóma eins og bón um byggðakvóta. Vilja þingmenn kannski byggðakvóta í menntun?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sítt.



SIMPLY CLEVER

Verðlaunagripir



Skoda Octavia Combi
20.800 kr. á mánuði*
verð frá 2.010.000 kr.

Skoda Octavia Combi 4x4
24.900 kr. á mánuði*
verð frá 2.380.000 kr.

Skoda Octavia
18.800 kr. á mánuði*
verð frá 1.820.000 kr.



Skoda Octavia

Skoda Octavia hefur tvo sannarlega áleggi í gegn eftir að henni var kynntur í nýri útgáfu hennar á drömu. Bilið er nú störm, öruggari og betur búnað en nokkru sinni, enda hefur henni sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum.

Og eins og áður er Octavia á verði sem enginn santharlegur bíll heppir við.



GullnaStýrið

Skoda Octavia hlaut GullnaStýrið, einhvern stöðugt á milli á milli í 2005.

Skólaskóli Íslands, sími 118 0000



HERCUL

Áttatíu og sjö ár í sama húsinu og 65 ár í sama rúminu

Hálfmán Einarsson, elsti íbúi Bolungarvíkur, og Petrína Jónsdóttir eiginkona hans fluttu nýverið í litla snotra íbúð í Árborg, íbúðarhúsnæði aldradra í Bolungarvík. Þá festu þau kaup á nýju hjónarúmi í Húsgagnaloftinu á Ísafirði. Þetta væri varla í frásögur ferandi ef Hálfmán hefði ekki búið í sama húsinu í 87 ár og þau hjónin hefði ekki átt sama hjónarúmið frá því ári eftir að þau giftu sig fyrir 66 árum.

Skyldfólk þeirra hjóna segir að þar fari allra duglegasta berjatínslufólk fjórðungsins og stærstu kartöfluræktendur Bolungarvíkur. Sjálf vilja þau Hálfmán og Petrína gera sem minnst úr þessum sögum, enda eru þau með eindæmum hógvæ. Að sama skapi vill Hálfmán gera sem minnst úr sögum um mikilfengleg aflabrögð hans á sínum sjómannaárum, en Hálfmán var formaður á bát í næstum 30 ár.

Bæjarins besta ákvað að taka hús á þeim hjónum og ræða við Hálfmán um það sem á daga hans hefur drifið.

Í sama húsinu í 87 ár

Þegar barið er dyra hjá Hálfmán og Petrínu hafa þau búið í íbúð sinni í hálfra aðra viku. En hvað varð eiginlega til þess að þau ákváðu að söðla um á gamalsaldri eftir allan þennan tíma í sama húsinu?

„Við höfðum rætt þetta lengi og fyrir nokkru sóttum við um að komast í þessar íbúðir fyrir eldri borgara. Nú var röðin komin að okkur og við vildum ekki sleppa íbúðinni.“

– En ykkur leið nú varla illa í hinu húsinu fyrst þið gátuð búið þar í öll þessi ár? Hversu lengi bjugguð þið þar?

„Ég hafði búið þar frá eins árs aldri, í 87 ár, og við Petrína saman frá giftingu eða í 66 ár.“

Lagði mikið á sig til að halda húsinu

„Ég hugsa að ég hafi ekki verið nema eins árs gamall þegar mamma og pabbi keyptu húsið. Ég er ekki alveg viss, en veit þó að þau höfðu keypt húsið þegar pabbi druknaði árið 1921. Þá var ég fjögurra ára gamall.“

– Manstu eftir því þegar pabbi þinn fórst?

„Ég man óljóst eftir deginum sem hann dó. Við vorum þá fimm systkinin, yngsta systir mín enn á fyrsta ári. Hún fór þá í fóstur til föðursystur minnar á Hóli í Bolungarvík og ólst

þar upp. Sú næstingsta fór í fóstur til föðurforelda minna á Hesti í Hestfirði. Eftir vorum við þrjú.“

– Það hefur væntanlega verið mjög erfitt fyrir mömmu þína að halda saman búi eftir að pabbi þinn dó?

„Það var það. Maður hugsar oft um það núna, þegar allir eru að kvarta yfir því að þeir hafi ekki nóg. Fólk ætti bara að vita hvað hún þurfti að leggja mikið á sig til að halda húsinu sem þau voru nýbúin að kaupa. Þá var ekki eins auðvelt að fá lán og það er núna.“

Fékk allan fisk sem kom á lóðina

– Þú varst yngstur þeirra barna sem eftir urðu hjá mömmu þinni. Hvað voru hin gömul?

„Þær systurnar voru sjö og átta ára gamlar þá.“

– Svo þær hafa ekki verið orðnar það gamlar að þær hafi getað lagt nokkuð til búisins fyrstu árin?

„Nei, en um leið og við gátum fórum við að reyna að hjálpa mömmu. Ég byrjaði að beita og stokka upp átta ára gamall, eins og ég gat fyrir skóla. Þá hafði ég eina lóð sem var merkt mér og allan þann fisk sem fékkst á þá lóð fékk ég. Þó það væru ekki nema nokkrar krónur yfir vertíðina, þá skipti hver einasta króna máli.“

Mjög erfitt fyrstu árin

– Það er kannski erfitt að skilja hvernig einstæð móðir, með þrjú ung börn, gat haldið húsinu í Bolungarvík á þessum tíma?

„Hana langaði alltaf til þess og lagði mikla áherslu á að halda húsinu, og henni tókst það. En það var mjög erfitt, sérstaklega fyrstu árin. Róðurinn létist þó eitthvað þegar við systkinin gátum farið að skaffa að eitthvað í búið.“

Hafa þekkt frá barnsaldri

– Hvar kynntist þú Petrínu eiginkonu þinni?

„Hún missti pabba sinn líka á sjó þegar hún var barn og flutti þá til frændfólks síns í Dýrafirði. Hún flutti aftur til Bolungarvíkur þegar hún var tíu ára. Þá átti hún heima rétt hjá okkur svo við höfum þekkt töluvert lengi.“

Við vorum rúmlega tvítug þegar við síðan giftum okkur,



en þá höfðum við verið saman í nokkur ár.“

– Og byrjuðuð þið strax að búa í húsinu?

„Já, mjög fljótlega. Mamma var þar með okkur allt þangað til hún dó.“

Leiddist tímavinna

Hálfmán var sjómaður í

nærri 30 ár. Hann var þekktur aflakóngur á sínum tíma, þó hann sé einstaklega tregur til að viðurkenna það sjálfur.

„Ég fór nú lítið á sjó fyrr en ég varð svona sextán ára. Voruð sem ég fermdist var ég landmaður upp á hálfan hlut á Ölver í eigu Bjarna Eiríkssonar en formaður á bátnum var

Guðjón Jónsson.

Á þessum tíma voru þetta afskaplega litlir bátar. Fyrsti báturinn sem ég var á upp á hlut hét Fram og var í eigu Einars Guðfinnssonar en Guðjón Jónsson var einnig formaður á þeim bát. Ég var þá byrjaður að vinna í saltfiski hjá Einari og Guðjón hafði

frétt að mér leiddist tíma- vinna.“

Keypti hlut í bát

– En hvenær varðstu fyrst skipstjóri?

„Það held ég að hafi verið 1942 á bátnum Tóta sem nú liggur í Neðstakaupstað á Ísa-

firði. Það átti alltaf að gera hann upp, en ég held að það hafi lítið orðið úr því.“

– Síðan eignaðist þú sjálfur hlut í bát, var ekki svo?

„Jú, ég átti Einar Hálfðásson til helminga á móti Einari Guðfinnssyni. Hann var smíðaður í Noregi og fluttur hingað. Þeir Einar og Jón bróðir hans áttu bátinn saman, en þegar ég var ráðinn formaður á bátinn keypti ég hlut Jóns.“

Stofnuðu hlutafélag um kaupin

– Og áttirðu í útgerð í mörg ár eftir það?

„Já, við stofnuðum hlutafélag 1947 um kaup á 40 tonna bát sem smíðaður var á Seyðisfirði. Hlutafélagið hét Völustein og hluthafar í því voru auk mín Einar Guðfinnsson, Guðfinnur Einarsson, Kristján Fr. Kristjánsson stýrimaður, Kristján Þorgilsson vélstjóri og Guðjón Kristjánsson háseti. Ég átti í þessari útgerð eitthvað fram yfir að ég hætti á sjónum um 1970, en þá hafði ég verið formaður í 27 ár.“

Forráð með um fimmtíu manns

Þegar Hálfðán fór í land varð hann útgerðarstjóri hjá EG, þó varla fáiast hann til að viðurkenna það sjálfur og vill gera minna úr starfi sínu en ástæða er til. Í landi þurfti hann þó að hafa forráð með um fimmtíu manns á og í kringum fjóra stóra línubáta og síðar líka skuttogara.

„Einar sonur minn, sem hafði verið stýrimaður hjá mér seinustu árin, tók við línuskipinu Sólrúnu ÍS-399 af mér þegar ég hætti á sjónum. Seinna varð Einar skipstjóri á skuttogaranum Heiðrúnu ÍS-4 ásamt Jóni Eggert Sigurgeirssyni. Þegar Einar fór í land hafði hann einnig verið skipstjóri í 27 ár.“

Fiskað í salt á Siglufirði

Hálfðán var mikið á síld á árum áður og réri langt austur fyrir Austfirði til að ná í síldina þegar hún var farin að þokast þangað.

„Við vorum mikið að reyna að fiska í salt á þessum árum og lönduðum öllu sem við gátum á Siglufirði hjá Skafta á Nöf. Við höfum sennilega verið að þessu í hátt í tuttugu ár og þegar síldin var farin að þokast austur þurftum við oft að sigla býsna langt með aflann. Síldin færðist alltaf austar og austar og að lokum vorum við hættir að geta með góðu móti landað á Siglufirði. Undir það síðasta vorum við farnir að fiska á Rauða torginu svokallaða, langt austur af Austfjörðum.“

– Og konan þín kom þá oft til Siglufjarðar með barnahópin meðan á vertíðinni stóð, er það ekki?

„Hún kom með stelpurnar og þær voru á planinu að

gamni sínu, söltuðu eitthvað og svona.“

Máttu veiða eins og þeir gátu

– Útgerðin hafði nú breyst töluvert á þessum árum sem þú varst á sjó og hélt áfram að breytast verulega eftir að þú komst í land. Var ekki hálfgerður gullgrafaraandi í kringum útgerð þegar þú varst á sjó?

„Jú, jú það er svo sem rétt. Það gekk oft vel hjá skipum að fiska og menn máttu veiða alveg eins og þeir gátu.“

Sama rúm í 65 ár

Nú hafa orðið miklar breytingar á hag þeirra hjóna þar sem þau eru komin í nýtt húsnæði. Þar að auki hafa þau fest kaup á nýju hjónarúmi, en það gamla höfðu þau átt í um 65 ár.

„Við ætluðum nú að hafa gamla rúmið með okkur, en dæturnar og tengdasonur fengu okkur til að kaupa nýtt rúm. Við keyptum gamla rúmið ári eftir að við giftum okkur fyrir 65 árum. Rúmið smíðaði sjónþapur maður á Ísafirði, ég man ekki hvað hann hét en hann vann í kjallaranum í Félagsbakarínu.“

Nýja rúmið er næstum því tvöfalt breiðara en það gamla, sem þó þótti alveg sémilega breytt á sínum tíma.“

Gengu hlíðina til baka

„Ég hef í gegnum tíðina sótt mikið af vörum og þjónustu til Ísafjarðar, enda hef ég alltaf fengið mjög góða þjónustu þar, hjá slippnum, hjá Magna og Guðmundi í Netagerðinni, hjá höfninni, Jónasi í Þór og fleirum. Alls staðar fékk maður mjög góða þjónustu.“

Ég var mikið á Ísafirði á sínum tíma áður en varnargarðurinn kom í Bolungarvík. Þá var oft á tíðum varasamt að geyma báta í Víkinni og maður þurfti oft á kvöldin og nóttunni að fara niður eftir og gæta að bátunum. Þá fór maður margar ferðir og menn voru jafnvel bara niðurfá. Það þurfti að verja bátana og passa að festingarnar færu ekki í sundur. Þá var oft betra að fara með þá inn á Ísafjörð, þó stundum legði maður mikið á sig til að hafa þá í Bolungarvík.

Það gerðist stundum að við gengum Óshlíðina til baka til Bolungarvíkur til að komast heim.“

Heldur þröng

Þau Hálfðán og Petrína una nú sem áður vel við sitt í lítilli íbúð í Árborg í Bolungarvík. Aðspurð segja þau að sér lítist vel á íbúðina, en hún sé þó heldur þröng miðað við það sem þau eru vön. Kannski að nýja, breiða rúmið geri það að verkum að svefnherbergið virkar minna.

– halfdan@bb.is



Að óbreyttu verður engin sjúkraflugvél staðsett á Ísafirði á nýju ári.

Ljósmynd: Grétar Sigurðsson.

Ekki hefur verið rætt um að hafa sjúkraflugvél á Ísafirði fram á vor

Ísafjarðarbær krefst svara frá heilbrigðisráðuneytinu

Ekki hefur verið rætt um það innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að framlengja veru sjúkraflugmanna og –vélar á Ísafirði fram á vor, þrátt fyrir að nú sé ljóst að Þingeyrarflugvöllur opnar ekki fyrir en í vor eða sumar. Eins og sagt hefur verið frá verður sjúkraflugi á svokölluðu norðursvæði stýrt frá Akureyri frá og með áramótum og verður því engin vél staðsett vestra á nýju ári. Aðspurð um málið segir Dagný Brynjólfsdóttir, deildarstjóri í ráðuneytinu, að þrátt fyrir lokun Þingeyrarvallar hafi ekki verið rætt um að framlengja fram á vor samning sem gerður var við Íslandsflug árið 2001. „Reynslan af samningunum sem gerðir voru á þeim tíma var metin og ákveðið var að breyta ákveðnum þáttum í verklýsingunni“, segir Dagný og á þar meðal annars við þá breytingu að engin vél verður staðsett vestra, heldur þjónusti ein sérútbúin vél fjórðungnum frá Akureyri.

Margir eru uggandi yfir því að oft muni veður hamla færð enda er það oft þannig að vel er hægt að taka á loft frá Ísafjarðarflugvelli þó erfitt sé að lenda. Voru það notuð sem rök fyrir flutningi umsýslu flugsins til Akureyrar að endurbættur Þingeyrarvöllur gæti nýst þegar ekki væri hægt að lenda á Ísafirði og sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra að til stæði að setja þar upp fullkominn aðflugsbúnað, að því gefnu að mælingar sýndu að slíkt væri hægt.

„Það sem skiptir líka máli er að við erum með mjög gott heilbrigðisstarfsfólk á Ísafirði og þessi breyting er gerð í samráði við það“, segir Dagný Brynjólfsdóttir.

Þejarráð Ísafjarðarbæjar hefur krafist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um tafarlausa skýr svör um það hvort ráðuneytið hyggt fara eftir þeirri beiðni ráðsins að staðsetja

sjúkraflugvél á Ísafirði þar til bætt hefur verið úr aðflugsskilyrðum á flugvöllum á Ísafirði og Þingeyri. Ráðherra var gerð grein fyrir þessu í bréfi sem Halldór Halldórsson bæjarstjóri sendi honum í síðustu viku. Þar kemur fram að ekki verði fallist á fyrirhugaðar breytingar nema að eftirfarandi skilyrði verði uppfyllt:

„1) Aðflugsskilyrði á Ísafirði eða Þingeyri verði eins fullkomin og tæknilega er mögulegt og við það miðuð að hægt verði að fljúga næturflug. 2) Fullkomin sjúkraflugvél sem uppfyllir kröfur heilbrigðisstarfsfólks. 3) Starfsemi sjúkrahússins á Ísafirði verði enn frekar eflað, sérstaklega bráðaþjónusta“, eins og segir í bréfinu.

„Við viljum benda á, að það fyrirkomulag á sjúkraflugi, sem íbúum Ísafjarðarbæjar og öðrum Vestfirðingum er boðið upp á frá og með 1. janúar 2006, er ekki viðunandi fyrir en uppfyllt hefur verið skilyrði um aðflugsskilyrði á Ísafirði eða Þingeyri eins og mögulegt er og við það miðuð að hægt sé að fljúga næturflug. Því er án tafar óskað svara um, hvort ráðuneytið hyggt fara eftir þeirri beiðni þejarráðs Ísafjarðarbæjar, að staðsetja áfram sjúkraflugvél á Ísafirði þar til bætt hefur verið úr“, segir enn fremur í bréfinu.

Augljóst er að aðstæður á flugvöllum tveimur verða í vetur nokkuð langt frá því að verða viðunandi, miðuð við óskir þejarráðs. Þingeyrarflugvöllur verður úr umferð fram á vor og á Ísafirði þykir flestum ófýsilegt að lenda í myrkri, og er það hreinlega bannað nema í neyðartilvikum. Flugtak af braut 08, þ.e.a.s. út fjörðinn, er þó heimilt í myrkri að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

– halfdan@bb.is

Sækja um niðurfellingu gjalda af eignum félagsins á Suðurtanga

Sæfari, félag áhugamanna um sjóspórt á Ísafirði, hefur óskað eftir því að fasteignagjöld af eignum félagsins að Suðurtanga 2, húnsæði og slipp, verði felld niður á móti framlagi Sæfara til gerðar sjóvarnargarðs og gegn framlagi Sæfara við námskeiðahald fyrir börn. Í bréfi frá Sæfara til bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar kemur meðal annars fram að fasteignagjöld félagsins séu árlega 522.813 krónur, og að félagið sé í vanskilum upp á 100.515 krónur. Óskað er eftir því að vanskilin verði felld niður, sem styrkur til félagsins. Þá segir einnig í bréfinu: „Félag-

ar í Sæfara hafa komið upp sjóvarnargarði sem verndar aðstöðu Sæfara og gömlu húsunum á safnasvæðinu. Einnig var fjaran lagfærð og gerð snyrtileg svo hún nýttist sem útivistarsvæði fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar.“

„Sjóvarnargarðurinn kemur í veg fyrir skemmdir af völdum brims og flóða inn á safnasvæðið eins og gerðist árin 1984 og 2000. Slík flóð kosta sveitarfélagið mikla fjármuni í viðgerðum sem líklegt er að komið sé í veg fyrir með gerð sjóvarnargarðsins. Kostnaður við gerð sjóvarnargarðsins er í kringum 4.000.000 kr. og hefur það verið unnið á kost-

ad Sæfara. Árið 2000 eftir seinna flóðið lagfærði Ísafjarðarbær kambinn en sá kambur var nær gagnslauss eftir fyrstu ágjöf og því hefur Sæfari endurbætt hann allan. Fjaran var nánast ekki göngufær eftir lagfæringar Ísafjarðarbæjar vegna efnisins sem var notað en er nú til fyrirmyndar og snyrtileg. Einnig hefur Sæfari útbúið trébyggju sem gerð var á gamla háttinn og er tenging flotbyggju við land.“

Þá er sagt stuttlega frá siglinganámskeiði því sem Sæfari hefur haldið fyrir börn síðastliðin tvö ár, og fram kemur að yfir 100 börn af landinu öllu hafi sótt námskeiðið á Ísafirði

í ár. Þá kemur fram að árið 2004 hafi Sæfari fengið styrk að upphæð 500.000 kr. til að standa straum af launakostnaði og tryggja lágt námskeiðsgjald, og þó enginn styrkur hafi komið frá bænum í ár hafi námskeiðsgjald enn verið lágt og það hafi haft áhrif á skuldastöðu félagsins.

Í bókun þejarráðs er Sæfara bent á að félagið geti sótt um afslátt af álögðum fasteignagjöldum eins og önnur félagasamtök í Ísafjarðarbæ, með því að skila inn greinargerð. Öðrum liðum bréfsins er vísað til HSV. – eirikur@bb.is

Ísafjarðarbær selur norðurljósín í samstarfi við fjögur önnur sveitarfélög

Ísafjarðarbær er kominn í samstarf með fjórum sveitarfélögum um að markaðssetja Ísland sem ferðamannasvæði að vetri til. Sveitarfélögin fjögur eru Kópavogur, Höfn í Hornafirði, Mývatnssveit og Vopnafjörður. Áætlað er að sex milljónir króna fari í verkefnið árlega, auk þess sem sjónvarpsmynd á vegum verkefnisins fær sjö og hálf milljón á aukafjárlögum. Þá hefur nýsköpunarmiðstöðin Impra samþykkt að leggja tvær milljónir til verkefnisins. Að sögn Rúnar Óla Karlssonar, sem situr í samstarfshópnum fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, er aðal-gulróttin í þessu sambandi Norðurljósín.

„Norðurljósín eru gulróttin, en aðalmálið er að selja Ísland að vetri til, og þá alla þá þjónustu sem við getum boðið upp á. Þetta er svipað og með hvalaskoðunina, eða ferðir á norðlægur slóðir til að leita að ísbjarnasporum. Maður veit í raun ekki hvað maður sér, en það er bónus að sjá ísbjörninn. Fuglaskoðari sem veit af sjaldgæfum fugli einhvers staðar, hann fer á staðinn þó hann sé ekki viss um að sjá neitt. Annars er Ísland mjög hentugt til norðurljósaskoðunar, landið er vel staðsett

og veðurfarslega erum við alls ekki illa sett. Sveitarfélögin sem að verkefninu standa eru mjög dreifð um landið, og líkur á því að það sé heiðskirt eða gott skyggni á einhverjum af þessum stöðum. Við erum að þróa leiðir til að dreifa ferðamönnum þannig að meiri líkur en minni séu á því að þeir sjái norðurljósín. Það verður sett upp upplýsingamiðstöð í Kópavogi þar sem spáð verður í veðrið, gervitunglamyndir og heimasíður sem spá fyrir um styrkleika norðurljósa. Svo er hægt að haga ferðalaginu eftir því.“

Aðspurður segist Rúnar Óli ekki geta fullyrt neitt um hvernær fyrstu ferðamennirnir komi. „Það byggist á því hversu hratt okkur tekst að vinna verkefnið, og hversu mikinn áhuga ferðþjónustuaðilar á svæðinu sýna því. Þetta krefst þess að menn sinni því af fullum þunga og séu tilbúnir til að taka smá áhættu. Þetta var gert í Kanada, á svæði sem kallast Northwest Territories, þar voru ferðþjónustuaðilar að sinna einum, tveimur, þremur ferðamönnum í lengri tíma, og síðan tók þetta aldeilis kipp. Nú hafa



Norðurljós yfir Bolungarvík.

skapast 178 störf í beinum tengslum við norðurljósaferðamennsku. Tekjur fóru úr 200 þúsund kanadískum dollurum í 20 milljónir. Til Lapplands koma 900 þúsund manns árlega, að stórum hluta vetrarferðamenn. Til Íslands koma ekki nema um 300 þúsund manns á ári.“


Þá segir Rúnar að ein af ástæðunum fyrir því að farið er út í verkefnið núna vera þá að búið er að þróa kvikmyndatækni til að festa norðurljósín á filmu. „Þetta er stórmerkileg tækni, japanir hafa eytt hundruðum milljóna í þetta án árangurs. En nú er hægt að kvikmynda norðurljósín í raun-

tíma, og það hefur rosalegt auglýsingagildi. Þetta efni gæti verið mjög verðmætt, og hafa margir sýnt því áhuga, meðal annarra Warner bros, National Geographic sjónvarpsstöðin, og þýska ríkissjónvarpið. Þá er verið að vinna markaðsáætlun til að koma þessu á framfæri. Við

Ljósmynd: Reynir Skarsgård.

höfum verið að ræða við ferðaskrifstofur erlendis, auk flugfélaganna Iceland Express og Icelandair, og þau hafa bæði sýnt þessu mikinn áhuga. Icelandair hefur sagt að þeir líti á þetta sem næsta stóra verkefni hjá sér, að reyna að auka ferðamennsku að vetri til“.

– eirikur@bb.is



NÁM
SAMHLIÐA
STARFI

Rekstrar- og viðskiptanám

Gullið tækifæri til að ná sterkari stöðu á vinnumarkaði!

Námið er ætlað þeim sem vilja öðlast þekkingu og færni í rekstrar- og viðskiptafræðum. Námið er kjörinn vettvangur til að efla faglega og hagnýta þekkingu stjórnenda og veita góða innvið í öll helstu fræði viðskipta. Eitt lag er kennt í senn og lýkur með námsmáti. Námið er 27 einingar á háskólastigi og spannar þrjú misseri.

Einnig í fjarnámi

Í janúar 2006 verður hægt að stunda námið í fjarnámi. Þátttaka er ekki háð búsetu heldur getur hver og einn stundað námið frá nettengdri tölvu.

Inntökuskilyrði í námið er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Forgangur í námið hafa þeir sem lokið hafa háskólaprófi eða hafa umfæringsmikla þekkingu á rekstri og stjórnun.

Enn er hægt að bæta við nemendum í fjarnám.

• Námsstími: 24. janúar 2006 til júní 2007
Námaní upplýsingar og umsóknir á
www.endurmenntun.is eða í síma 525 4444.

Umsóknarfrestur er til 12. des.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- að vaxa og dafna



Verður Súðavík fyrsta reyklausa sveitarfélagið?

Stór hópur Súðvíkinga hætti að reykja í átaki í sumar og er stefnan sú að Súðavík verði fyrsta reyklausa sveitarfélag landsins. „Í sumar var haldið námskeið fyrir þá sem vilja

hætta að reykja og þar var meirihluti þátttakenda Súðvíkingar. Í kjölfarið óskuðum við eftir öðru námskeiði og þá kom Guðjón Bergmann til Súðavíkur“, segir Anna Lind Ragn-

arsdóttir, ein þeirra sem hætti að reykja.

Á annan tug Súðvíkinga hafa hætt að reykja og talið er að einungis 12 íbúar séu enn á valdi fíkninnar. „Stefnan er

að verða fyrsta reyklausa sveitarfélagið á Íslandi og ef vilji fólks er fyrir hendi þá gæti það vel verið raunhæfur möguleiki“, segir Anna Lind. Um 200 manns búa í Súðavík.

Tæpar tíu milljónir hafa safnast

Tæpar 10 milljónir hafa safnast til kaupa á sneiðmyndataeki fyrir Fjórðungs-sjúkrahússins á Ísafirði og er vítað að fleiri framlög eru á leiðinni. Söfnunin er á lokasprettinum og hafa viðtökur Vestfirðinga farið fram úr björtustu vonum. Ýmis stór framlög hafa borist upp á síðkastið og má þar nefna 500 þúsund krónur frá Lionsklúbbi Ísafjarðar, sama fjárhæð frá Sparisjóði Bolungarvíkur, Sparisjóði Vestfirðinga, KNH, Finnboga Jakobssyni í Bolungarvík, Vigni Jónssyni og Láru Helgadóttur, Guðmundi Guðmundssyni og frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga.

Kvart milljón barst frá 3X-Stáli og Rennex, 200 þúsund kr. frá Útgerðarfélaginu Ós, 300 þúsund kr. frá félagi járn-



Frá kynningarfundum þegar söfnunin hófst í september.

idnaðarmanna, 230 þúsund kr. frá félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, 300 þúsund kr. frá FOSVest, 300 þúsund kr. frá kvenfélaginu Brautinni og 250 þúsund kr. frá krabbameinsfélaginu Sigurvon. Þá eru ótal-

in framlög ótalmargra einstaklinga, fyrirtækja, kvenfélaga, stofnana og sveitarfélaga sem nema samtals ríflega 2 milljónum króna og eru afar mikilvæg fyrir söfnunina. Söfnuninni var hrundið af

stað í september. Nú er beðið svars frá heilbrigðisráðuneyti um það hvort tækjasjóður ráðuneytis geti greitt fyrir uppsetninguna á tækinu.

– thelma@bb.is

Séra Skúli fær styrk úr Kristnihátíðarsjóði

Séra Skúli Ólafsson, sem gegnir embætti sóknarprestis í Ísafjarðarprestakalli í fjarveru séra Magnúsar Erlingssonar, hefur fengið styrk úr Kristnihátíðarsjóði. Styrkurinn er upp á 500 þúsund krónur. Verkefni Skúla nefnist „Aðeins andlegir skulu í lög setja. Prestastefnur á Íslandi frá siðbreytingu til loka 18. aldar.“ Að sögn Skúla er þetta doktorsverkefni hans í guðfræði.

„Ég er að fjalla um prestastefnudóma“, segir Skúli. „Frá árinu 1639 með Brynjólfi Sveinssyni hófu kirkjunnar menn að hittast árlega í Skálholti og Hólum til að ræða þau mál sem komið höfðu upp í stiftinu á árinu. Þarna er tólf manna dómur sem fær mál inn á borð til sín og úrskurðar um þau. Ég er með uppskriftir af þessum dómum og er að vinna með þá, ætla að fjalla um

áherslubreytingar í dómum og eðli þessa fyrirbæris sem prestastefnudómar voru“. Veitt var úr Kristnihátíðarsjóði í síðasta sinn í síðustu viku en hann var stofnaður árið 2000 og átti að starfa í fimm ár. Alls var úthlutað 96 milljónum til 56 mismunandi verkefna. Hæsti styrkurinn nam 12 milljónum og fór hann til fornleifarannsóknna á Hólum í Hjaltadal. – eirikur@bb.is



Sr. Skúli S. Ólafsson.

Átta sóttu um byggðakvóta til Súðavíkurhrepps

Átta lögaðilar hafa sótt um byggðakvóta til Súðavíkurhrepps en sveitarfélagið fékk úthlutað 210 þorskígildistönnum frá sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fiskveiðiárið 2005/2006. Lögaðilarnir átta sækja um kvóta fyrir tíu báta og hefur eitt fyrirtækjanna ekki sótt um byggðakvóta áður.

Súðavíkurhreppur auglýsti fyrir skemmstu nýjar reglur um byggðakvóta og óskaði eftir umsóknum vegna fiskveiðiársins 2005/2006. Þeim 210 þorskígildistönnum sem hreppurinn fékk úthlutað frá sjávarútvegsráðuneytinu fyrir

fiskveiðiárið 2005/2006 verður skipt þannig að 113 þorskígildistönnum verður úthlutað til báta/skipa sem orðið hafa fyrir skerðingu á innfjarðarækju, 47 þorskígildistönnum

verður úthlutað til báta/skipa með tilliti til úthlutaðra aflaheimilda fiskveiðiárið 2005/2006, 40 þorskígildistönnum verður úthlutað með tilliti til landaðs afla í Súðavík á fisk-

veiðiárinu 2004/2005 og 10 þorskígildistönnum verður skipt á þá báta sem leigðir verða til sjóstangaveiðiverkefnis sumarið 2006.

– eirikur@bb.is

Lesendur BB velja Vestfirðing ársins 2005

Í samvinnu við vefvyrirtækið Inn hf. og Gullauga á Ísafirði efnir BB til kosningar um Vestfirðing ársins 2005 líkt og gert hefur verið undanfarin fjögur ár. Til þess að koma tilnefningum á fram-

færi er notað sérstakt form á bb.is, sem er farið inn á í dálkinum vinstra megin, þar sem birtist „Vestfirðingur ársins 2005?“ ofan við spurningu vikunnar. Lesendur bb.is eru hvattir til að taka þátt í valinu

og tilnefna þann Vestfirðing sem þeir telja verðskulda þessa nafnbót. Sá sem útnefninguna hlýtur fær henni til staðfestingar veglegan farandgrip frá Gullauga.

Hægt er að skila inn tilnefn-



AUGLÝSING UM BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐAR 1989 - 2009

Í samræmi við 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst tillaga að breyttu aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 með áorðnum breytingum. Tillagan tekur til breytinga á reit að Sundstræti 45 á Ísafirði og felur í sér eftirfarandi breytingu:

Atvinnusvæði að Sundstræti 45 breytist úr atvinnusvæði í reit fyrir íbúðir og verslun/þjónustu. Núverandi húsi á reitnum verður breytt í íbúðir og bílageymslur og hugsanlega verslun/þjónustu.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði frá og með föstudeginum 9. desember 2005, til og með föstudeginum 6. janúar 2006.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 20. janúar 2006. Skriflegum athugasemdum skal skilað á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna teljast henni samþykkir.

Ísafirði, 1. desember 2005,
Stefán Brynjólfsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

Atvinna

Við leitum að vönum rafvirkja til framtíðarstarfa. Góð laun og hlunnindi fyrir réttan mann.

Upplýsingar eru veittar hjá Rafskauti ehf., í síma 456 4742 eða 897 6742.



Þökkum hjartanlega auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og úttör elskaðra móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Jónu Bjarnadóttur

Bjarni L. Gestsson Ágústa Benediktsdóttir
Sævar Kr. Gestsson Ragna Arnaldsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

BT gefur sjúkrahúsinu gjafir

Verslun BT á Ísafirði færði Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði rausnarlegar gjafir í síðustu viku. Um er að ræða sjónvarp með DVD spilara, Playstation 2 tölvu og úrval tölvuleikja og DVD mynda. Gjafirnar eru hugsaðar sem dægrastytting fyrir börn sem liggja á sjúkrahúsinu til lengri eða skemmri tíma. BT opnaði verslun sína á Ísafirði fyrir um einu ári og er þetta leið fyrirtækisins til að sýna þakki þess fyrir góðar móttökur í bænum. Við afhendingu gjafanna lýstu forsvarsmenn FSÍ yfir þakklæti sínu og sögðu að þörf hafi verið á slíkri afþreyingu fyrir yngstu sjúklingana.

– thelma@bb.is



Verslunin BT færði FSÍ veglegar gjafir sem börn sem þurfa að liggja inni geta notað sér til dægrastyttingar.



Sigurvegargar í 8.-10. bekk í ár.

„Börn skrifa sögur og ljóð“

Gefin út í fimmta sinn

Bókin „Börn skrifa sögur og ljóð“ sem rituð er af nemendum Grunnskólans á Ísafirði hefur verið gefin út í fimmta sinn. Þar er að finna úrvalsverk úr árlegri Smásagna- og ljóðasamkeppni GÍ.


„Mikill áhugi er fyrir keppninni og fer vaxandi frekar en hitt. Sérstaklega eru yngstu nemendurnir áhugasamir og má segja að hver einasti nemandi í 2.-5. bekk sendi a.m.k. eitt verk í keppnina og sumir mörg“, segir Herdís Hübner, kennari við GÍ. Eftt hefur verið til keppinnar um árabil.

„Börn eru yfirleitt tilbúin í alls konar keppni, þeim finnst það yfirleitt skemmtilegt og við töldum að þetta gæti verið hvatning fyrir þau til að vanda sig og leggja sig fram við ritunina“, segir Herdís.

„Börn skrifa sögur og ljóð“ verður til sölu í Bókhöðunni á Ísafirði. Bókin kostar 500 krónur og rennur andvirði hennar til kaupa á verðlaunum í næstu keppni. Þess má geta að Bókhlaðan hefur undanfarið ár selt bókina fyrir nemendurna endurgjaldlaust.

– thelma@bb.is

Ísland er komið á kortið



ÍSLANDSATLAS Edda útgáfu er víðamesta kortabók yfir Ísland sem nokkra sinni hefur komið fyrir almenningssjónir og markar þjátskil í íslenski kortunáttílu.

Hér eru svipbrigð landsins sýnd með ótrúlegri nákvæmni á 132 stórbrotum og blábrigðurkum kortum í mælikvarða 1:100 000 sem unnin eru með stafrænni kortatækni og sýna landið allt, frá hæstu tindum til ystu annessa og eyja. Atlasinn er í stóru broti og geymir 43.000 ornefni og glæsilega íngangskafla um íslenska náttúra.

Hér skynjar hvert manns barn hæð fjalla, djúpt dalir og víðáttur úrafinna. Svona hefur enginn séð Ísland áður!

ÍSLANDSATLAS er stórvirki sem beðið hefur verið eftir og þarf að vera til á hverju heimili í landinu.



Svartfoss, nýtt skip Eimskipa.

Svartfoss í kynnistúr til Vestfjarða

Von er á nýju frystiskipi Eimskipa, Svartfossi, í kynnistúr til Ísafjarðar nú skömmu fyrir jóla. Að sögn Jóns Páls Hreinssonar mun Svartfoss landa frystivöru í Bolungarvík og á Ísafirði einhvern tímann í 50. viku ársins, eða frá 11.-17. desember. „Það er verið að lesta skipið í Noregi“, segir Jón Páll.

„Það var afhent fyrir í mánudöðum. Þetta skip er fyrsta sinnar tegundar sem smíðað er í öllum heiminum í 20 ár.

Það hefur ákaflega lítil endurnýjun verið í skipum af þessari stærð og gerð. Svartfoss er fyrsta af fjórum systurskipum sem Eimskip hyggjast láta smíða fyrir sig. Skipin eru öll 80 metra löng og 16 metra breið, hámarks ganghraði þeirra verður 16 sjómílur á klukkustund og burðargeta er 2.500 tonn. Þá er síðuport af fullkomnustu gerð á skipunum sem stytir löndunar- og lestunartíma um allt að helming.

– eirikur@bb.is

Fann ástina á Íslandi

Barbara Gunnlaugsson fluttist til Íslands frá Póllandi fyrir áratug síðan. Í fyrstu ætlaði hún aðeins að dvelja í eitt ár en eftir að hún kynntist ástinni og tilvonandi eiginni sinni, Einari Gunnlaugssyni, varð ekki aftur snúið. Hún hefur búið á Ísafirði síðan og rekur nú ásamt manni sínum Efnalaugina Albert við góðan orðstír. Auk þess að ala upp tvær dætur þær Kolfinnu Brá Ewu og Patrycju 16 ára. Hún segist þó oft finna til heimþrár og styrkir tengslin við heimalandið með því að taka virkan þátt í félagslífi landa sinna sem búsettir eru á svæðinu og var ein af driffjöðrunum við að setja á stofn félag Pólverja á Vestfjörðum. Bæjarins besta ræddi við Barböru um lífið fyrir vestan og pólska menningu.



Barbara Gunnlaugsson: Barbara ásamt yngri dóttur sinni Kolfinnu Brá.

„Ég kom til Íslands 1994 og ætlaði að dvelja stutt og fara svo aftur heim til Póllands. En það varð aldrei aftur snúið. Ég kynntist manningu mínum og hér er ég ennþá. Við höfum verið saman í 10 ár. Upprunalega ætlaði ég bara að vera á Íslandi í eitt ár. Ég byrjaði að vinna í frystihúsi eins og svo margir aðrir útlendingar fyrst þegar þeir koma til landsins. Tveimur árum seinna byrjaði ég að vinna í Efnalauginni Albert og árið 1997 keyptum við Einar fyrirtækið og tókum yfir reksturinn. Í rauninni sá ég um reksturinn þar sem hann var mestan tímann úti á sjó, en nú er hann kominn meira inn í þetta og er hættur á sjó.

– Gengur vel að sameina hjónabandið og vinnuna?
„Það er svona upp og niður“, segir Barbara og hlær. „Mjög gott var að fá hann heim en stundum er það of mikið að vinna saman á daginn og fara svo heim saman á kvöldin. Það er of mikið af því góða. Annars gengur þetta vel.

– Hafðirðu einhverja reynslu af fyrirtækjarekstri áður?

„Nei, ég hafði bara unnið við tryggingar, afgreiðslu og þess háttar störf í Póllandi áður en ég fluttist til Ísafjarðar. Mér var því hent í djúpu lauginu og þurfti bara að bjarga mér. En ég fékk hjálp frá fjölskyldumeðlimum. Stundum var þó erfitt að sjá um fyrirtækið, heimilið og tvö börn á meðan Einar var úti á sjó. Það tókst samt og hefur gengið þokkalega.“

– Á síðasta ári sömdu Einar og Barbara við Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar um rekstur þvottahúss fyrir stofnunina.

„Það var heilmikil viðbót við fyrirtækið. Við keyptum líka húsnæði en við höfðum verið að leigja áður. Leigu-húsnæðið var of lítið til þess að við gætum tekið við aukaþvottinum frá sjúkrahúsinu. Ég er ennþá með fullt af hugmyndum í hausnum en hvort og hvernig sé hægt að fram-

kvæma þær verður bara að koma í ljós. Maður vill alltaf betrubæta og verður alltaf að spá í næsta skref.

Stundum finnst manni sólarhringurinn of stuttur fyrir allt sem maður þarf að gera. Auk þess að vinna í efnalauginni er ég að túlka og þýða fyrir stofnunar og hina og þessa. Svo vinn ég einu sinni í viku í Fjölmenningssetrinu við að svara í upplýsingasíma fyrir Pólverja.“

Saknar pólsku jóllanna

– Sérðu margt sambærilegt með Pólverjum og Íslendingum?

„Já, við erum ekki svo ólík. Þó það sé náttúrulega mismunandi eftir fólki. Mér finnst Íslendingar aðeins lokaðri. Íslendingar virðast líka vinna mun meira. Vinnudagurinn hér á landi er langur en maður hefur vanist því.“

– Ertu dugleg við að heimsækja heimalandið og halda tengslum við það?

„Ég fer nú ekki árlega en ég fer þangað þegar ég get. Núna blóðlangaði mig til að fara með jólin yfir jólnin þar sem ég hef ekki verið heima í Póllandi um hátiðirnar í 11 ár. En svo var bara of mikið að gera í vinnunni og maður getur ekki skilið allt eftir og farið. Ég vona bara að ég komist á næsta ári.

Systir mín bjó hér fyrir vestan fyrstu árin og fluttist svo til Reykjavíkur og þaðan til Þýskalands. Svo ég hafði tengslin við hana. Að sjálf-sögðu hef ég fjölskyldu Einars líka.

Fjölskylda mín í Póllandi er ekki í stærri kantinum. Og við erum ekki eins dugleg og Íslendingar að halda stór ættarmót.“

– Manni finnst utan frá séð sem Pólverjar á svæðinu séu nánir og í stöðugu samneyti er það rétt?

„Já, það er algengt að fólk haldi saman. Til dæmis er stórt

hlutfall íbúa á Flateyri Pólverjar. Þeir virðast oft eiga erfitt með að aðlagast íslensku samfélagi. Sérstaklega eldra fólkið. Sem dæmi þá er mun auðveldara að læra tungumál þegar maður er ungur. Svo hefur fólk mismunandi bakgrunn og á misauðvelt með að læra tungumálið. En það er nauðsynlegt til þess að geta plumað sig í samfélaginu. Þar sem börnin eru mun fljóttari að til-einka sér málið hefur maður séð að foreldrar nýti sér það og biðji þau um að túlka fyrir sig. Mér finnst að þeir eigi frekar að læra sjálfir. Íslendingar virðast líka gera þá kröfu að fólk tali hárrétta íslensku og ef maður hefur hreim og er óöruggur á málinu byrjar fólk strax að tala ensku við mann. Miklu betra er að sýna þolinmæði og tala hægar. Þá gæti ég líka trúað að fólk yrði opnara og meira tilbúið að spreyta sig.

– Það er líka eitt af markmiðum félags Pólverja á Vestfjörðum að geta tengst öðrum íslenskum félögum og fengið pólska fólkið til að vera meira með Íslendingum svo þeir blandist samfélaginu betur. Gaman væri ef í framtíðinni væri hægt að ná saman hóp af Íslendingum og Pólverjum þar sem þeir gætu miðlað þekkingu hver til annars. Pólverjar gætu þá til dæmis kennt Íslendingum pólsku og öfugt. Um leið og fólk getur tjáð sig getur það tekið meiri þátt í alls kyns félagslífi.

„Ég er ekki bara í félagi Pólverja á Vestfjörðum heldur er ég líka Zontakona. Það er alveg nauðsynlegt að geta verið með Pólverjum en líka að geta tekið þátt í íslensku félagslífi.“

– Voru ekki mikil viðbrigði að koma til landsins.
„Jú, það var það. Systir mín hafði séð fyrir sér Ísafjörð sem stað eins og í Alaska þar sem ekki væri mikið um vegi og allt á kafi í snjó og ís. En

miðað við hvað bærinn er lítill er hér allt til alls. Mér finnst gott að vera á Ísafirði en finnst þessir mánuðir þegar nánast engin birta er erfiðir. Nóvember, janúar og febrúar. Jólaljósin bjarga desember.

Stuttu eftir að ég kom hingað féllu snjóflóðin miklu á Súðavík og Flateyri. Það var mikið áfall. Þótt maður þekkti ekki fólkið sem lét lífið þá fann maður til með þeim. Þegar ég sagði þeim heima frá þessu urðu þau mjög áhyggjufull. Þau óttuðust að ég gæti lent í snjóflóði sjálf.

Svo var það nú þannig í fyrstu að alltaf var ófært þegar ég ætlaði að ferðast eitthvað. Vinur mannsins míns sagði eitt sinn þegar hann var á leið suður: Er Barbara nokkuð á leið suður því þá verður alveg örugglega ekki flogið. En það er nú orðið betra núna.“

Sankti Nikulás heimsækir pólsk börn á Vestfjörðum

„Mér finnst mjög fínt að búa á Ísafirði en af og til kemur fyrir að mig langi að flytja aftur til Póllands. Ég held að allir sem búa annars staðar en í heimalandi sínu fái stundum heimþrár. Það er bara eðlilegt.

– Nú varst þú ein af stofnfélögum félags Pólverja á Vestfjörðum.

„Já við stofnuðum félag í febrúar og höfum farið hægt og rólega af stað. Við höldum páskasýningu í mars. Hún heppnaðist mjög vel og var vel sótt. Ég vona að við getum gert meira af slíku í framtíðinni og miðlað menningu okkar til Íslendinga.

Einu sinni í viku er sögu-stund á bókasafninu á Ísafirði þar sem lesið er fyrir pólsk börn. Þær eru ágætlegar sóttar og mjög gaman af því. Gaman er að geta haldið hópinn því við eigum ýmsar hefðir sem ekki finnast á Íslandi. Jólin

hérlandis eru til dæmis öðruvísi að mörgu leyti. Við eigum ekki þrettán jólasveina heldur kemur Heilagur Nikulás einu sinni í mánuðinum sem er þann 6. Af því tilefni ætlum við að halda jólaball fyrir pólsk börn á sunnudag. Við höfum haldið slíkt ball tvisvar áður og það heppnaðist vel.

Jólin er svipuð að því leyti að við höldum upp á þau á aðfangadagskvöld. En við borðum ekki kjöt þá. Við bjóðum upp á um 12 mismunandi fiskrétti í staðinn. Í kringum matarborðið taka allir sér oblátu og brjóta af henni smá bita. Svo óskum við sessunautum okkar gæfu og góðs gengis.

Ég held í pólsku síðina mína á Íslandi en geri líka mála-miðlanir. Við borðum til dæmis kjöt á aðfangadag.“

– Að lokum, flaug þér nokkurn tíma í hug að þú myndir einhvern tíma reka efnalaug í litlu sjávarþorpi á Íslandi þegar þú varst lítil stúlka í Póllandi?

„Nei, það datt mér aldrei í hug. Ég held að það sé mjög erfitt að sjá fyrirfram hvað maður verður þegar maður verður eldri. Hlutirnir æxlust bara svona“, segir Barbara Gunnlaugsson sem þekkir tvö tvenna heima eftir að hún fluttist frá heimalandi sínu yfir á norðurhjara veraldar.

– *thelma@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

TILKYNNING FRÁ HÖFNUM ÍSAFJARÐARBÆJAR

Breyting hefur verið gerð á rekstri hafnarinnar á Þingeyri. Afgreiðsla vega skipaþjónustu er opin frá kl. 8 á morgnana til kl. 22 á kvöldin mánu-daga til föstudaga. Einungis er opið til kl. 16 á laugardögum og lokað á sunnudögum.

Framvegis verður vakt vegna Þingeyrarhafnar í vaksíma Ísafjarðarhafnar, sími 862 1877, og mun verða brugðist við útköllun utan vinnutíma í þann síma.

Ennfremur óska Hafnir Ísafjarðarbæjar eftir starfsmanni til að sinna hafnarvörslu og vigtun sjávarafila á Þingeyri sem fyrst.

Upplýsingar um starfið veitir hafnarstjóri í síma 456 5209.

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri.



Afgreiðslutímar Vínbúða yfir hátiðarnar

Ísafjörður

Fös. 23. des 11:00 - 22:00

Lau. 24. des 10:00 - 12:00

Fim. 29. des 12:30 - 19:00

Fös. 30. des 11:00 - 20:00

Lau. 31. des 10:00 - 12:00



VÍN BÚÐ
lífur, lærum & njótum

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma Vínbúða er að finna á vinbud.is

Vönduð og sterk barna- húsgögn á góðu verði



HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR
Opið til kl. 18 á laugardag



Fallegar jólaskeytingar í miðbæ Ísafjarðar.

Jólaskeytingaleikur BB og Húsasmiðjunnar farinn af stað

Húsasmiðjan og BB hafa ákveðið að verðlauna bestu jólaljósaskreytingu við heimahús á norðanverðum Vestfjörðum og verða vegleg verðlaun í boði. Lesendum BB og viðskiptavinum Húsasmiðjunnar gefst á adventunni kostur á að tilnefna þau hús sem þeir telja koma til greina til verðlauna. Tilnefningum skal komið á framfæri á pósthafið bb@bb.is eða í kassa sem komið verður upp í verslun Húsasmiðjunnar á Ísafirði. Ljósmyndir af tilnefndum hús-

um skulu fylgja með, í góðri upplausn ef þeim er skilað á tölvutæku formi. Tilnefningar skulu hafa borist fyrir hádegi þann 25. desember. Sérstök þriggja manna dómnafnd mun fara yfir þær tilnefningar sem berast og velja þau hús sem fallegast eru skreytt.

Þrenn verðlaun verða veitt og er það verslun Húsasmiðjunnar á Ísafirði sem gefur verðlaunin. Í fyrstu verðlaun verður kaffivél af Krups-gerð að verðmæti 20.000 krónur og bollasett. Í önnur verðlaun

verður flugeldapakki að verðmæti 15.000 krónur og í þriðju verðlaun verður fallegt ljósleiðarajólatré og adventuljós. Tilkynnt verður um úrslit og verðlaun veitt þann 30. desember.

Það er von þeirra sem að leiknum standa að hann verði íbúum á norðanverðum Vestfjörðum skemmtileg hvatning til þess að lýsa fallega upp sitt nánasta umhverfi og gleðja um leið samborgara sína í skammdeginu og auka um leið hátíðleik hátíðar ljóss og friðar.

Grunnskólabörnum boðið að fylgjast með ísbjarnaveiðum

Leiðsögumaðurinn Baldvin Kristjánsson hefur boðið grunnskólum Ísafjarðarbæjar að taka þátt í tilraunaverkefni um gerð kennslufnis tengdu austur Grænlandi. Samkvæmt bréfi frá Baldvini til grunnskólafulltrúa Ísafjarðarbæjar snýst verkefnið um að sýna efni frá nokkurra vikna leiðangri með ísbjarnaveiðimönnum á austur Grænlandi í beinni útsendingu á netinu. Þá yrðu einnig vistuð önnur gögn á netinu, s.s. tölvupóstar úr ferðinni, sem nemendur gætu nýtt sér við að gera verkefni sem einnig verða vistuð á sama vef svo úr verði að lokum alls-

herjar kennslufni um viðfangsefnið.

Baldvin hefur áður tekið þátt í leiðöngurum þar sem tækni af þessu tagi var notuð og þekkir vel til svona verkefna, að því er kemur fram í bréfi hans grunnskólafulltrúa. „Með þessu skapast ný aðferð þar sem nemendurnir nota margmiðlun, fá tækifæri til að fjalla um „lífandi“ verkefni, hafa sjálf bein áhrif á kennslufnið (biðja um gögn frá leiðangrinum)“, segir meðal annars í bréfinu.

Þá viðrar Baldvin þann möguleika að hægt verði að sýna eitthvað af efninu í sjón-

varpinu á kvöldin þar sem foreldrar geti séð hvað um er að ræða. Í því sambandi nefnir hann Kastljósið í Ríkissjónvarpinu sem dæmi um vettvang til sýninga. „Markmiðið í þessari fyrstu atögu er að prufukeyra aðferðina áður en haldið verður áfram. Við höfum áhuga á að fá einn skóla í Reykjavík, ásamt Ísafirði til að þróa verkefnið með okkur.“

Í bréfinu kemur fram að líklega muni skólarnir ekki bera beinan kostnað af verkefninu. Fræðslunefnd fól grunnskólafulltrúa að mæta á kynningarfund um málið í menntamálaráðuneytinu. – eirikur@bb.is

Veður og samgöngur á bb.is

Opnaður hefur verið nýr undirvefur á bb.is, veður og samgöngur, þar sem nálgast má ítarlegar upplýsingar um allt sem snýr að veðri og samgöngum. Gerður hefur verið samstarfssamningur við Sigurð P. Ragnarsson, sjálfstætt starfandi veðurfræðing, sem mun vera með daglegar spár fyrir Vestfirði auk þriggja daga spá fram í tímann. Þá má finna á síðunni upplýsingar um flug innanlands sem og til og frá landinu, sjóðveðurspá og ölduspá auk veðurupplýsinga frá Veðurstofu Íslands og Theyr.net. Þá er á síðunni fjölbreytt tenglasafn sem tengist veðri og samgöngum þar sem hægt



Sigurður P. Ragnarsson.

er að sjá veðurspár fyrir allan heiminn auk upplýsinga er tengjast veðurfari og samgöngum í fjórðungnum.

Sigurð P. Ragnarsson veðurfræðing þekkja allir landsmenn. Hann hefur um árabil séð um veðurfréttir á Stöð 2 og nú síðast á fréttastöðinni NFS. Þá hefur hann séð um veðurspágerð fyrir Fréttablað-

id, DV, Dagur.net og fleiri. Hann á og rekur ásamt eigin konu sinni, Hólmfríði Þórisdóttur, íslenskufraeðingi og blaðamanni, fyrirtækið Veður ehf., sem er vaxandi fyrirtæki á sviði veðurfræði og skyldum greinum.

Það er von aðstandenda bb.is að síðan nýtist Vestfirðingum sem og öðrum lesendum vefjarins sem best. Hafi lesendur áhugaverðar hugmyndir um efni sem gæti átt heima á síðunni, eru þeir hvattir til að láta umsjónarmenn bb.is vita. Til að fara inn á síðuna er hægt að smella á veður og samgöngur í haus vefjarins.

Efla á atvinnuþróunarstarfsemi á Ísafirði

Atvinnuþróunarstarfsemi á Ísafirði skal efla, samkvæmt tilkynningu frá starfshópi Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins sem var gert að fjalla um fjárhagsvanda Byggðastofnunar og móta tillögum um framfaristarfsemi hennar. Einnig kemur fram að störfum á Sauðárkróki verði ekki fækkað og efla eigi atvinnuþróunarstarfsemi á Egilsstöðum og Akureyri.

Pá segir í tilkynningunni: „Starfshópurinn leggur áherslu á að til skemmri tíma, á meðan ekki komi frekari at- hugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu, haldi lánastarfsemi stofnunarinnar áfram með hefðbundnum hætti. [...] Samhliða þessu þarf að gera grundvallarbreytingar á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar þannig að hún standi undir þeim rekstri án fjárstuðnings

ríkisins. Þróuð verði fjármögnunartæki og vinnubrögð sem miða að því að efla samstarf við fjármálafyrirtæki með því markmiði að auðvelda fjármögnun atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Í þessu sambandi koma ýmsar aðferðir til greina, t.d. ábyrgðir.“

Pá segir að stuðla verði að auknum árangri á sviði byggðamála með skýrri stefnumótun stjórnvalda, ásamt skýrari

forgangsörðun verkefna. „Nauðsynlegt er að efla og þróa faglega hæfni, einfalda stjórnun og skýra ábyrgð í rekstri Byggðastofnunar. Samstarf við atvinnuþróunarfélögin og aðra aðila sem vinna að atvinnuþróun og nýsköpun verði eftl. Nýta þarf vaxtar- samninga sem tæki til að efla samstarf á þessu sviði. Sérstaklega verði hugað að frekari samhæfingu eða samþættingu


starfsemi Byggðastofnunar, Impru, Iðntæknistofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, vaxtarsamninga og annarrar atvinnuþróunarstarfsemi á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta með það að markmiði að tryggja sterka stöðu og sýnileika byggðamála í þeirri starfsemi sem ætlað er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun.“

Iðnaðar- og viðskiptaráðu-

neyti hefur gert starfsmönnum Byggðastofnunar grein fyrir því hvernig mál standa og þeirri vinnu sem framundan er. Pá mun ráðherra rita stjórn og forstjóra Byggðastofnunar bréf og benda á mikilvægi þess að á meðan slíkar breytingar hafi ekki orðið muni Byggðastofnun halda áfram að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, þar með töldum lánveitingum.

Súðavíkurhreppur fjárfestir í Aðlöðun

Súðavíkurbær hefur ákveðið að festa kaup á hlutafé fyrir 20 milljónir í beituverksmiðjunni Aðlöðun hf. Þetta var samþykkt á sveitarstjórnarfundum í Súðavík og var Ómari Jónssyni, sveitarstjóra, falið að gera stjórn Aðlöðunar tilboð þess efnis og í samræmi við viljayfirlýsingu sem samþykkt var á fundinum og færð í trúnaðarmálabók sveitarstjórnar. Fást því ekki frekari upplýsingar um hvað í tilboðinu felst að svo stöddu.



hluthöfum eða kaupanda að verksmiðjunni. Baldur Snorrason, framkvæmdastjóri Aðlöðunar hf., sagði fyrir rúnum mánuði að ef ekki kæmi nýtt fjármagn inn í fyrirtækið þá yrði ekki haldið áfram á sama grunni.

Aðlöðun hefur á undanförunum árum þróað nýja aðferð við framleiðslu á beitu, með það að markmiði að beitan yrði úr sem allra ódýrustu hráefni sem kæmi í stað beitu úr fiski sem hæfur er til manneldis. Ný beita Aðlöðunar er sögð hafa ýmsa ótvíræða kosti fram yfir eldri beitur. Sjálf beitingin tekur mun skemmri tíma auk þess sem hún er snyrtilegri en áður, beitan er alltaf tilbúin á krókinn og beitupokarnir frjósa ekki saman, enda hafa sjómenn að sögn tekið henni vel. Er talið að verksmiðjan gæti við full afköst veitt allt að nýu mönnum atvinnu auk stjórnenda. – eirukur@bb.is

Aðlöðunar og fleira. Pá lagði oddviti fram tillögu að því að fjárfest yrði í fyrirtækinu fyrir 20 milljónir og var tillagan samþykkt samhljóða.

Rekstur beituverksmiðjunnar Aðlöðunar hefur átt á brattann að sækja og hefur verið leitað leiða til að fá nýtt fjármagn inn í fyrirtækið. Í vor fór fram endurfjármögnun hjá fyrirtækinu, en hún var einungis kláruð að hluta. Meira þarf til ef duga skal og hafa aðstandendur fyrirtækisins upp á síðkastið leitað að nýjum

Fyrst var rætt um málið í sveitarstjórn Súðavíkur snemma í síðasta mánuði og var þá sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu með Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Á fundinum sat til ráðgjafar Neil Shiran Þórisson frá AtVest og var farið yfir ýmis gögn, svo sem árs hlutareikninga Aðlöðunar, úttekt á rekstri og rekstrarforsendum Aðlöðunar frá AtVest, skuldalista

Bjóða sveitarfélögum í brotajárnsátak

Gámabjónusta Vestfjarða og endurvinnslufyrirtækið Hringrás í Reykjavík hafa boðið sveitarfélögum við Ísafjarðardjúp að gera áttak til hreinsunar brotajárns af svæðunum í vor. Hugmyndin er að sveitarfélögin safni saman öllu brotajárni í sveit-

arfélaginu og Hringrás komi vestur með brotajárnspressu og pressi allt það járn sem hægt er að pressa, en annað verði skorið niður.

Pá verði afurðunum skipað beint um borð í skip. Ætlast er til þess að sveitarfélögin komi öllu járninu á einn eða tvo staði

sem aðgengilegir eru til slíkrar vinnu. Í tilboði sem fyrirtækin hafa gert Ísafjarðar- arbeið er verðið 2 krónur á kílóíð, auk virðisauka. Innifalið í því tilboði er það efni sem þegar hefur safnast á móttökusvæði Funa.

– eirukur@bb.is

Brautarkonur í Bolungarvík

Styrkja kaup á sneiðmyndataeki

Kvenfélagið Brautin í Bolungarvík gaf 300.000 krónur í söfnun til kaupa á sneiðmyndataeki fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði á dögunum. Brautarkonur hafa í gegnum tíðina styrkt kaup á ýmsum tækjum til sjúkrahússins. Kvenfélagið stendur fyrir sumarblómasölu ár hvert og

er það helsta fjáröflun félagsins ásamt sölu á afskornum blómum á sumardaginn fyrsta. Ágóði þessara fjáraflana rennur til líknarmála. Má þar nefna að félagið gaf nú í haust Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur hjólastól og hefur áður gefið stofnuninni sjúkrarúm. Einnig hefur félagið gefið

ýmislegt til leikskólans Gláðheima og Hólskirkju. Félagið stendur fyrir jólatrésfagnaði á hverju ári og árs hátíð eldri borgara þar sem félagskonur bera fram krásir og bjóða upp á heimatilbúin skemmtiatriði. Félagið var stofnað 21. nóvember 1911.

– thelma@bb.is

Lionsklúbbur Ísafjarðar

Gefur 500.000 krónur

Lionsklúbbur Ísafjarðar gaf 500.000 krónur til kaupa á sneiðmyndataeki fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði á dögunum en klúbburinn hefur ævinlega staðið fyrir ýmis konar fjáröflunum og gefur reglulega fé til líknarmála.

Er rétt í því sambandi að minna á árlega skötusölu Lionsmanna sem er ein af helstu tekjulindum þeirra. Fyrir þá sem vilja tryggja sér þetta bragðsterka lostæti fyrir Þorláksmessu fer skötusalan fram hjá Kára Jóhannssyni í síma 897-4019 og Sveini Guðbjartssyni í síma 863-3872.



Eiríkur Jóhannsson færði Eiríki Finni Greipssyni fyrir hönd Lionsklúbbs Ísafjarðar 500.000 krónur til söfnunarinnar vegna kaupa á sneiðmyndataeki fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Helmasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:
Hjallavegur 21: 303 m² einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Verð 23 m.kr.
4-6 herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 14: fjögurra til fimm herbergja nýlega uppgerð íbúð á miðhæð og í kjallara tvíbýlishúss, samtals 195 m². Verð 14,3 m.kr.
Pólgata 5a: 138 m² íbúð á efri hæð í tvíbýli ásamt hluta kjallara. Verð 5,0 m.kr.
Skólalagata 8: Tvær samtengdar íbúðir í tvíbýlishúsi, samtals 265 m² ásamt fallegum garði, kjallara og göðum bílskúr. Verð 18,2 m.kr.

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

Hlíðarvegur 29: 86 m² neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, 3 svefnherbergi. Verð 8,0 m.kr.
Aðalstræti 26a: 108 m² 4ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.
3ja herbergja íbúðir:
Stórholt 11: 70 m² íbúð á 2.hæð fyrir miðju ásamt sérgeymslu í fjölbýlishúsi. Verð 4,5 m.kr.
Stórholt 13: 79 m² íbúð á 2. hæð til hægri með yfirbyggðum svölum og sérgeymslu á jarðhæð. Verð 6,5 m.kr.
Stórholt 7: 74 m² íbúð á 1.hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli, þvottahús er í íbúð. Verð 5,5 m.kr.
2ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 2: 84 m² tveggja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi með geymslu í sameign. Verð 5,5 m.kr.
Sundstræti 34: 68 m² nýleg íbúð á jarðhæð með séringangangi í uppgerðu fjölbýli. Verð 5,9 m.kr.
Urðarvegur 78: 64 m² íbúð á jarðhæð með séringangangi, skipti möguleg á stærri eign í Bolungarvík. Verð 5,9 m.kr.
Urðarvegur 78: 77 m² stór íbúð á 3.hæð f. miðju ásamt geymslu. Gott útsýni yfir bæinn. Verð 5,9 m.kr.

Súðavík:
Túngata 11: Sumarhús í Súðavík. Steinsteyp 113 m² einbýlishús á einni hæð með stórum garði og 33 m² bílskúr. Verð 4,3 m.kr.
Eyrardalur 2: Fallegt 138 m² álklaett einbýlishús með 62 m² stórum bílskúr og grónum garði. Verð 22 m.kr.
Aðalgata 16: 184 m² einbýlishús í sumarbyggð Súðavíkur. Verð 5,5 m.kr.
Túngata 10: 177 m² einbýlishús í sumarbyggð Súðavíkur. Verð 7,5 m.kr.

Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:
Thal Koon: 63 m² nýtt versunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu.
Tilboð óskast.
Sindragata 7: Samtals 1730 m² atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Árnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnar- svæði. Stórt og rúmgt smíðaverkstæði með skrifstofu- aðstöðu. Tilboð óskast.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Fjölmennti fagnaði Einari Kristni fimmtugum

Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins í NV-kjördæmi varð fimmtugur á föstudag. Í tilefni dagsins efndi hann og Sigrún J. Þórisdóttir eiginkona hans og börn til móttöku í Félagsheimili Bolungarvíkur þar sem samankomið var fjölmenni. Meðal þeirra sem samfögnuðu Einari Kristni á þessum tímamótum voru forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, nokkrir samráðherrar hans í ríkisstjórninni, þingmenn, vinir, félagar, frændfólk og samstarfsfólk fyrr og síðar. Að lokinni afmælisdagskrá sem var undir styrki stjórn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, var slegið upp balli sem stóð fram á nótt. Hundruðir manna voru í veislunni sem var ein sú fjölmennasta sem haldin hefur verið í félagsheimilinu. Ljósmyndari blaðsins var í veislunni og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir úr veislunni verða birtar á svipmyndum á bb.is í vikunni.



Afmælisbarnið ásamt eiginkonu sinni Sigrúnu J. Þórisdóttur og hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands.

Alkareggi 460 7600 Eglissstaðir 475 9210 Ísafjörður 466 3000 Reykjavík 570 3000 www.flugfelag.is | 570 3000

Nóvembertilboð!

Allt að 10 kg á 700 kr.
til allra áfangastaða

Þú og þú óttast afmælisstöðum • fjöldi ferða daglega • hratt og örugglega • frítt- og bæðipunktur á bestu áfangastaðum



Geir Haarde utanríkisráðherra og eiginkona hans Inga Jóna Þórðardóttir samfögnuðu með þeim Einari Kristni og Sigrúnu.



Guðjón Hjörleifsson, alþingismaður og fyrrum bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar voru hressir í veislunni.

Þakkir

Við Sigrún kona mín og börnin þökkum öllum kærlega fyrir komuna sem glöddu okkur með nærveru sinni í afmælisveislu minni á föstudagskvöld, á opnu húsi í félagsheimilinu Víkur- bæ í Bolungarvík. Glöggir menn telja að um 400 manns hafi mætt í veisluna. Ættingjar, vinir og samstarfsfólk nær og fjær heiðruðu mig með nærveru sinni og gerðu daginn algjörlega ógleymanlegan.

Hlján og væntumþykjan sem ég fann fyrir er meira virði en orð fá tjáð. Allt fór þetta fram undir styrki og góðri stjórn Halldórs Halldórssonar veislustjóra. Frá-

bærir listamenn glöddu mig og afmælisgesti með tónlist sinni. Karlaórinn Ernir, djasssveit Tónlistarskóla Bolungarvíkur og Ísafjarðardætur stigu á stökk með glæsibrag og Halli og Þórunn héldu svo uppi leifrandi fjöri langt fram á nótt þegar balli var slegið upp.

Einnig vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við undirbúninginn, fjölskyldu, frændfólki og vinum. Þetta hefði verið ókleift án þeirra. SKG-veitingum færi ég sömuleiðis mínar bestu þakkir fyrir einstaklega góðan og ríkulegan mat.


Takk fyrir mig kæru vinir.
Einar Kristinn.



**Mikilvæg sending
hratt og örugglega**

Nóvembertilboð fraktflugs Flugfélags Íslands gerir þér kleift að senda pakka allt að 10 kg, á alla áfangastaði fyrir aðeins 700 kr. Tilboðið gildir til 20. desember.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið



mannlífíð

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
7. des. 343. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1879 lést Jón Sigurðsson forseti í Kaupmannahöfn, 68 ára. Hann var jarðsettur í Reykjavík 4. maí 1880 ásamt Ingibjörgu Einarsdóttur konu sinni sem lést 16. desember 1879.

Pennan dag árið 1881 var minnisvarði um Jón Sigurðsson afhjúpaður á gróf hans í Hólavallagarði í Reykjavík, tveimur árum eftir að Jón lést. Varðinn var reistur fyrir samskotafé og var afhjúpaður „í viðurvist mesta fjölmennis af öllum stéttum“ eins og segir í Árbók Reykjavíkur.

Pennan dag árið 1933 útvarpaði Ríkisútvarpið í fyrsta sinn miðilsfundi. Þar töluðu ýmsar verur í gegnum Láru Ágústsdóttur miðil.

Heimild: Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 65 árum



Siglingin fyrir Horn gerð öruggari

Samkomulag hefir náðst milli ríkisstjórnarinnar og yfirstjórnar breska setuliðsins hjer, um það, að færa austurmörk hættusvæðisins fyrir Norð-Vesturlandi um hálfu gráðu vestar. Takmörk hættusvæðisins var 66°n. br., eða frá Skaga við Dýrafjörð og austur að 22°v. 1., eða að Geirólfsgrúp á Ströndum. Nú hafa sem fyrr segir austurtakmörkin verið flutt vestur um hálfu gráðu, eða í 22°30', sem er rjett austan við Hælavíkurbjarg. Með þessari breytingu er hægt að sigla beint á Horn frá Norðurlandi (að austan), en áður þurfti að fara inn á Húnaflóa, sem er vond siglingaleið. Við breytinguna kemst einnig mikið af Hornbanka og Strandagrunn út úr hættusvæðinu, en litla þýðingu hefir það á þessum tíma árs, því að eins og kunnugt er, er fiskur þar aðallega eða eingöngu á vorin og sumrin. Halinn er áfram innan hættusvæðisins og fiskimiðin út af Vestfjörðum.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt og vætusamt, einkum sunnan- og vestanlands. Hiti breytist lítið..

Horfur á laugardag:

Suðvestanátt og skúrur eða slydduél, en þurr austanlands. Hiti 0 til 5 stig, hlýjast yfir hádaginn.

Horfur á sunnudag:

Suðvestlæg átt og súld eða dálítil rigning vestantil, en víða léttskýjað á austaverðu landinu. Fremur milt.

Horfur á mánudag:

Suðvestlæg átt og súld eða dálítil rigning vestantil.

● Spurning vikunnar

Hvernig líst þér á hugmynd um sund- og íþróttamiðstöð á Torfnesi á Ísafirði?

Alls svöruðu 955. – Vel sögðu 799 eða 84% – Illa sögðu 110 eða 11% – Veit ekki sögðu 46 eða 5%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttu? · Jón Björnsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

Fyrstu mánuðirni viðburðaríkis

„Það er allt ágætt að fréttu, þetta er nú ekki fjörugasti tíminn í starfinu en þegar styttest fer í jólin. Nú er unnið að undirbúningi að opnun skíðasvæðisins, verið að prófa lyftur, koma troðurum í lag og þess háttar. Ekki er búið opna ennþá en það vantar talsvert mikið af snjó. Ef það myndi vera opnað eins og snjórinn er í dag yrði svæðið eingöngu hæft fyrir þaulvana

skíðamenn. Miklar umræður eru varðandi opnun skíðasvæðisins og gaman að segja frá því að meira að segja hafa skíðasvæði verið opnuð á Skotlandi. En það kemur allt í ljós á næstunni. Þar erum við bæði háðir fjármagni og veðráttu.

Íþrótt- og tómtundaneftnd Ísafjarðarbæjar fékk fyrirspurn um hvort hægt væri að koma upp skautasvelli á síðasta fundi.

Ég er að kanna möguleikana. Sem sagt að reyna finna stað og kanna hvort við getum gert það án þess að það kosti og mikið. Fjármagnið er nú það sem stoppar okkur í flestum tilfellum. reyndar má nú reikna með mál í gangi í næstu viku.

Það má vissulega segja að þessi fyrstu mánuðir mínir í starfi hafi verið viðburðaríkir en mér líkar þetta vel.“



Helgi Björnsson tekur lagið á Hótel Ísafirði fyrir stuttu ásamt undirleikaranum Stefáni Magnússyni.

Langaði að leyfa söngvaranum að njóta sín

Ísfirski tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson gaf nýverið út sólóplötuna Yfir Esjuna. Platan inniheldur lög eftir Magnús Eiríksson sem er einn dádasti laga- og textasmiður þjóðarinnar. Á henni má finna margar ástsælar dægurperlur Íslendinga eins og Reyndu aftur og Ég elska þig enn. Helgi sem ekki einungis er þekktur fyrir söngrodd sína heldur einnig lagasmið fær að njóta sín á nýjan hátt á plötunni. Yfir Esjuna sem kom út í október hefur slegið í gegn og er þriðja mest seldu platan á landinu af þeim plötum sem komið hafa út á þessu misseri.

– Nú hefur platan fengið mjög góðar viðtökur og virðist hitta beint í mark hjá hlustendum.

„Já, það er ekki hægt að segja annað. Hún virðist falla fólki mjög vel í geð enda er þetta frábær tónlist“, segir Helgi.

„Af hverju valdir þú sem er góður lagasmiður sjálfur að

flytja lög annars manns?

„Mig var farið að langa til að leyfa söngvaranum að njóta sín, óháð því að hann væri sjálfur að semja lög. Með því að syngja lög eftir aðra er það söngvarinn en ekki laga- höfundurinn sem er í aðalhlutverki. Sú hugmynd að flytja lög eftir Magnús poppaði upp á borðið hjá mér og mér fannst hún strax mjög spennandi. Magnús hefur samið frábær lög í gegnum tíðina og mjög flotta texta. Mér fannst líka felast ögrun í því að finna nýja fleti á þessari tónlist. Lögin hafa verið vel flutt í gegnum tíðina og því áskorun að gera þau svolítið að sínum.“

– Þú hefur einmitt fengið mikið lof fyrir að setja þinn blæ á lög.

„Já, ég held að það hafi tekist þokkalega vel hjá mér. Við fórum aðrar leiðir með þessi lög en áður hafði verið gert.“

„Ein af kveikjunum að því að taka fyrir lög Magnúsar var



Helgi Björnsson.

sú að hann varð sextugur á árinu. Ekki var það síst skemmtilegast við að gera þetta að gefa plötuna út á

sextugusta afmælisári hans.“

– Hefurðu fengið að heyrna viðbrögð hans við plötunni?

„Já, hann er rosalega ánægður með hana og finnst þetta alveg frábært. Hann tók meira að segja svo til að orða að þetta væru bestu endurgerðir af lögunum sem hann hafði heyrt.“

– Megum við búast við að sjá meira af því í framtíðinni að þú takir að þér annarra manna lög?

„Það er ekkert því til fyrirstöðu allavega. Ég ætla bara að sjá til, er ekkert búinn að ákveða hvað ég geri í framtíðinni. Það eru ýmsar hugmyndir í gangi og það verður gaman að skoða þær. Nú hefur maður verið að semja sín eigin lög og texta í gegnum tíðina, 25 ár eða eitthvað. Það er öðruvísi nálgun að taka önnur lög og það er skemmtileg tilbreyting að vera fást við lög sem hafa sannað sig og finna þeim nýjan farveg. Það er ákveðið frelsi í því“, segir Helgi Björnsson.

● Borgin mín · Albertína Elíasdóttir, forstöðumaður Gamla apóteksins á Ísafirði

Heims um ból fullkomnar jólin

„Jólaög eru mjög ólík öðrum lögum. Þau fá aðeins að njóta sín í um einn mánuð á ári. Það eru til fullt af falletum jólalögum og erfitt að velja aðeins eitt sem stendur upp úr. Ég get nefnt lag eins og Do they know it's Christmas í flutningi Band Aid sem alltaf vekur mig til umhugsunar um af hverju við erum að halda jólin. Er það út af þökkunum

eða boðskapnum sem jólahátíðin felur í sér; að aðstoða þá sem á þurfa að halda og það sem jafnvel er enn mikilvægara; að fyrirgefa?

Annars á ég mér tvö upphalds jólaög og mér er lífsins ómögulegt að gera upp á milli þeirra. Það er annars vegar lagið Please come home for Christmas í flutningi The Eagles sem kemur mér alltaf

í angurvært jólaþag og hins vegar er það The Christmas song í flutningi Nat King Cole og er yndislegt að hlusta á það á aðfangadag þegar verið er að leggja lokahönd á jólaundirbúninginn. Að lokum má ekki gleyma að nefna lagið sem fullkomnar jólin; Heims um ból, lag sem vekur upp minningar og gleði jólaanna,“ sagði Albertína.



● Vestfirskar þjóðsögur · Gísli Hjartarson

Ameríska dagatalið

Eitt sinn þegar aflamaðurinn Hörður Guðbjartsson var skipstjóri á skuttogaranum Guðbjarti Ís 16 hringdi í land í Gísla Jónsson, verkstjóra í Norðurtanganum á Ísafirði. Þetta var á laugardegi. Hörri spurði Gísla hvort hann gæti ekki fengið löndun á mánudaginn.

Nei, svaraði Gísli. Þú færð enga löndun á mánudaginn.

Hvers vegna fæ ég ekki löndun á mánudaginn, Gísli minn?

Það er 1. maí, sagði Gísli.

Hver andskotinn, sagði Hörri. Ég er með amerískt dagadal.

Ljósum prýdd jólatré

Jólatré er einn af útbreiddustu og kærustu síðum jólaanna. Hvort sem það eru ilmandi grenitré eða fagurgræn gervitré má finna skreytt og upplýst jólatré á hverju heimili þar sem haldið er upp á hátíðirnar. En hvaðan kemur sá síður að höggva niður tré og koma með inn í hús til sín.

Síðurinn náði fyrst fótfestu í Þýskalandi. Fyrstu þekktu heimildir um jólatré eru frá Strassburg og nágrenni á 16. öld. En fyrst er getið um ljósum prýtt jólatré er Goethe, í sögu frá 1774. Fyrsta mynd af jólatré með ljósum er hins vegar frá Zürich árið 1799. Nokkrum árum síðar, árið 1807, eru til sölu á markaði í Dresden í Þýskalandi fullbúin jólatré meðal annars skreytt gylltum ávöxtum og kertum. Síðurinn fór svo að berast til Norðurlanda eftir 1800.

Til Íslands munu fyrstu jólatré hafa komið um 1850. Fundust þau þá í kaupstöðum og aðallega hjá dönskum fjölskyldum. Fæstir landsmenn áttu þess kost að eignast grenijólatré þar sem víðast hvar fundust þau ekki á landinu á þeim tíma og smíðuðu gervijólatré og klæddu það með sortulyngi, beitylgi eða eini. Elstu heimildir um slíkt eru frá 1880-1890.

Ekki er vitað um uppruna jólatráanna en talið er að rætur þess liggja í einhverskonar trjádyrkun djúpt í mannkynssögunni. Í Róm og víðar skreyttu menn til dæmis í fornöld hús sín um nýárið með grænum trjágreinum eða gáfu þær hver öðrum, og átti það að boða gæfu. Í fjölmörgum goðsögum og sögnum er alheimstré látið tákna heiminn. Það ber ýmis nöfn, eftir því hvaðan vitneskjan er runnin. Má þar nefna Ask Yggdrasils úr norrænni trú og Lífsins tré í Eden.

Hver sem uppruni þeirra eru jólatré tákna jólaanna og nauðsynlegur partur af hátíðarhöldunum. Árið 1952 fékk Reykjavík í fyrsta sinn stórt jólatré að gjöf frá Ósló. Var það sett upp á Austurvelli, og hefur sú venja haldist. Síðan hafa margar erlendar borgir sent vinabæjum sínum á Íslandi jólatré. Heimildir: Visindavefur Háskóla Íslands.



● Brennslan mín · Ásthildur Gestsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir á Ísafirði

Tom Jones klikkar ekki

„Ég tel mig hafa mjög fjölbreyttan tónlistarsmekk. Manninum mínum finnst ég oft á tíðum gamaldags í laga-vali en staðreyndin er sú að það er til svo mikið af gömlum og góðum íslenskum lögum sem endalaust er hægt að hlusta á. Erfitt er að velja úr þegar maður á að koma með þau 10 bestu en þau sem komu fyrst í hugann eru:“

1. María Ísabel – Ýmsir listamenn

Margir góðir flytjendur hafa tekið þetta lag t.d. er það flott í flutningi Rúnars Þórs sem og Ingimars Eydals. Magga og Baldur taka það líka mjög vel. Mjög vinsælt lag hjá okkur hjúkrunum þegar við hittumst og margar góðar minningar

tengdar því.

2. Þín innsta þrá – BG og Ingibjörg

Rosalega fallett lag og mikið upphaldslag hjá mér og pabba mínum. Alltaf gott að enda gott ball á þessu lagi.

3. Litill drengur – Vilhjálmur Vilhjálmsson

Mörg góð lög til með honum. Þetta er fallett texti sem ég hlustaði mikið á sem barn og það hefur fylgt mér í gegnum tíðina.

4. Sex Bomb – Tom Jones

Tom Jones klikkar ekki, þetta lag kemur manni alltaf í stuð eins og mörg önnur lög með honum.

5. Never ever let you go – Rollo og King

Rollo og King sem urðu í öðru sæti í Eurovision keppninni 2001. Varð og er mjög vinsælt lag. Ég man ekki hverjir unnu þetta ár en þetta lag varð mun vinsælla en vinningslagið. Maður fær alltaf dansfíðringinn við að heyra það.

6. Svífðu með – Raggi Bjarna

Raggi Bjarna tekur það mjög flott á disknum, Vertu ekki að horfa, sem kom út með honum í fyrra. Fallett lag.

7. Eina Ósk – Björgvin Halldórsson

Ég verð að nefna eitt lag með Bjögga það eru svo ótrúlega mörg góð lög með honum alltaf hægt að setja hann í spilarann. Þetta lag minnir mig alltaf á stjúpna minn Guðna Geir þetta var og er mikið upphaldslag hjá honum.

8. Don't Know Why – Norah Jones

Rosalega góður diskur hjá henni, Come away with me, gott að setja hann á þegar maður vill slaka á. Var mikið í spilaranum hjá mér þegar ég var að gera lokaverkefnið mitt í ljósmæðranáminu, kom manni alltaf í rétta lærdómsgrírn.

9. Húsið og Ég – Grafík

Mér þykir vænt um þennan texta þar sem að hann er samin um húsið sem að amma og afi áttu, Hafnarstræti 33. Þetta hús stóð þar sem að bensínstöðin er núna. Ég var mikið hjá þeim sem barn og eru góðar minningar tengdar þessu húsi.

10. Í bljúgri bæn – Ýmsir flytjendur

Mjög flott lag og texti. Hef



Ásthildur Gestsdóttir. Heyrt það með ýmsum flytjendum og finnst mér það alltaf jafn fallett. Bubbi Morthens poppar það t.d. flott upp á Pottþétt Gospel disknum.



Gerist áskrifendur í síma 456 4560

● Kirkjustarf

● **Holtskirkja:** Aðventukvöld fyrir Holtsprestkalla verður nk. sunnudag, 11. desember kl. 20:00. Kirkjukórinn, börnin, Vaðlafjölskyldan og Mariola og Elzbieta flytja tónlist. Jón Jens Kristjánsson flytur hugveku.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn



Sigríður Guðjónsdóttir.

Bjargaði dreng frá drukknun

Ungur drengur var nærri druknaður í sundlauginni í Bolungarvík í síðustu viku eins og greint er frá á forsiðu.

Sigríður Guðjónsdóttir, sundkennari í Bolungarvík, sýndi mikið snarræði og beitti drenginn blástursaðferðinni, en óhappið átti sér stað í sundtíma hjá sjötta bekk í Bolungarvík sem Sigríður kennir.

„Þegar það voru fimm mínútur eftir af tímanum leyfði ég börnunum að leika sér í lauginni. Þau voru búin að vera að synda allan tímann. Svo þegar ég kem til að senda þau upp úr og í sturtu þá sé ég hvar strákurinn liggur á maganum í lauginni, eins og hann sé að láta sig fljóta. Krakkarnir fóru strax að tala um hvað hann væri duglegur að halda í sér andanum, en þegar ég ýtti við honum kom í ljós að hann var meðvitundarlaus.“

Ég kom honum upp á bakkann og blés einu sinni, þá hóstaði hann smá og þá blés ég aftur. Ég hugsa ég hafi ekki blásið nema þrisvar í allt. Svo kom starfsfólk sundlaugarinnar, og stuttu seinna var sjúkrabíllinn mættur.“ – eirikur@bb.is

Sigurður hættur

Sigurður Sigurðarson sem ráðinn var verkefnisstjóri við Markaðsstofu Vestfjarða í september hefur af persónulegum ástæðum ákveðið að segja starfi sínu lausu. Samkomulag hefur orðið um að hann ljúki við ákveðna áfanga í verkefnum sem hafin eru á vegum Markaðsstofu, en að öðru leyti lýkur hann störfum fyrir áramót.

Staða verkefnisstjóra hefur verið auglýst að nýju.
– halfdan@bb.is



Guðni Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri kynna drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar.

145 milljónir af framkvæmdafé fer til nýbyggingar við Grunnskólann

Gert er ráð fyrir því að rekstur Ísafjarðarbæjar muni skila 123 milljónum til bæjarsjóðs að frádregnum reiknuðum liðum á næsta ári. Þetta kemur fram í drögum að fjárhagsáætlun sem rædd voru í bæjarstjórn á fimmtudag. Þrátt fyrir þetta munu nýjar lántökur bæjarins og ágangur hans á eigið fé verða 271 milljón króna, en afborganir eldri lána nema 155 milljónum.

Fjárfestingar verða miklar og munar þar mest um nýbyggingu við Grunnskólann á Ísafirði sem mun kosta bæinn 145 milljónir. Hluttur bæjarins

í hafnarframkvæmdum er áætlaður 24 milljónir, gert er ráð fyrir 45 milljónum króna í gatnagerð, 10 milljónum í safnahús í Neðstakaupstað og 45 milljónum í ýmsar aðrar fjárfestingar.

Launagjöld hækka mikið og verða 1.148 milljónir á næsta ári standist áætlun. Afskriftir og vextir verða 210 milljónir og annar rekstrarkostnaður 1.123 milljónir króna. Tekjur verða 1.412 milljónir. Þar af nemur útsvar 932 milljónum, framlag jöfnunarsjóðs nemur 322 milljónum og fasteignaskattur og aðrir skattar nema

158 milljónum króna.

Rétt er að geta þess að hér er aðeins um drög að ræða og má gera ráð fyrir því að áætlunin breytist að líkindum að einhverju leyti við seinni umræðu sem fram fer 15. des.

Blaðamannafundur var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á föstudag og drögin kynnt. Þar kom fram í máli Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra að vel sé haldið á málum í rekstri sveitarfélagsins, en þó sé við ákveðinn fortíðarvanda að glíma.

Guðni Jóhannesson forseti bæjarstjórnar sagði samkeppni

milli bæjarfélaga um íbúa gera það að verkum að nauðsynlegt sé fyrir Ísafjarðarbæ að halda ákveðnu þjónustustigi á sama tíma og gætt sé aðhalds í rekstri. „Það hefur tekist vel og við höfum haldið í íbúa. Ég skynja það að bjartsýni er meiri og ungt fólk vill koma og flytja í bæinn“, sagði Guðni. Sagðist hann búast við viðsnúningi á fólksflotta á næstunni.

Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra, sagði aftur á móti að margt í drögum þarfnadist frekari skýringa.

„Til að mynda er gert ráð fyrir 45 milljónum króna í gatnaframkvæmdir en ekki talað um það nákvæmlega hvaða götur á að fara í“, sagði Magnús Reynir.

Þá varar Magnús mjög eindregið við þeim einkaframkvæmdum sem talað er um í frumvarpinu og á þar m.a. við rekstur nýja íþróttahússins á Suðureyri og væntanlegs grunnskóláhúss á Ísafirði, en stefnt er að því að kanna hvort það sé til hagræðingar fyrir sveitarfélagið að fá einkaaðila að rekstri húsanna.

– halfdan@bb.is

Minnihlutaflokkarnir í Ísafjarðarbæ með sameiginlegt framboð

Vinstrihreyfingin Grænt-framboð í Ísafjarðarbæ hefur samþykkt að ganga til sameiginlegs framboðs með Samfylkingunni og Frjálslyndum og óháðum fyrir kosningarnar í vor, en þeir flokkar höfðu báðir samþykkt framboðshugmyndina. Að sögn Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, formanns

Vinstri-Grænna í Ísafjarðarbæ, gengur flokkurinn fullur bjartsýni til þessa samstarfs.

„Við höfum trú á að við náum góðum árangri. Flokkarnir þrír eiga eftir að hittast til að fara yfir það hvenær er best að halda prófkjörið. Það hefur verið rætt um febrúar-mánuð, en ekkert hefur verið fastsett enn“, segir Lilja. Í

þeirri tillögu sem félagsfundir flokkanna hafa samþykkt er gengið út frá því að það verði hólfaprófkjör fyrir fyrstu fjögur sætin. Þá verði baráttusætið, fimmta sætið, skipað sameiginlegum fulltrúa sem allir flokkarnir geta sett sig við. Uppstilling verður svo í sætin sem eftir eru.

Nokkuð víst þótti strax í síð-

ustu viku að af sameiginlegu framboði yrði, enda höfðu Frjálslyndir og óháðir og Samfylking þegar samþykkt þetta fyrir sitt leyti, en það voru Vinstri-grænir sem lögðu til á sínum tíma að kannaður yrði möguleikinn á sameiginlegu framboði.

Í síðustu kosningum fékk Vinstrihreyfingin grænt fram-

boð 6,7% af gildum atkvæðum, og náði ekki inn manni í bæjarstjórn. Samfylkingin fékk 22,7% og náði inn tveimur mönnum á meðan Frjálslyndir fengu 13,4% og einn mann kjörinn. Samtals voru flokkarnir þrír því með 42,8% atkvæða, en einungis þriðjung bæjarfulltrúa.

– eirikur@bb.is